



0,6 km  
1,9 km

# Mosverjar

Starfsskýrsla  
2011-2012





## Skátafélagið Mosverjar

### Skátaheimilinu við Brúarland

Sími 566 6455

Kennitala 640288-2489

Heimasíða Mosverja: [www.mosverjar.is](http://www.mosverjar.is)

Mosverjar eru aðili að Bandalagi  
Íslenskra skáta - [www.skatar.is](http://www.skatar.is)

### Stjórn Skátafélagsins Mosverja

Ævar Aðalsteinsson, félagsforingi

Dagbjört Brynjarsdóttir,

aðst. félagsforingi

Kjartan Jónsson, gjaldkeri

Gunnar Ingi Gunnarsson, ritari

Gunnar Atlason, meðstjórnandi

Hlynur Pálsson, meðstjórnandi

Ingveldur Ævarsdóttir, meðstjórnandi

### Starfsmaður Mosverja

Embla Rún Gunnarsdóttir

### Sveitarforingjar Mosverja

Drekaskátar – Drakó:

Dagbjört Brynjarsdóttir

Fálkaskátar – Hafnir: Bergsveinn

Stefánsson og Friðrik Sigurðsson

Fálkaskátar – Smyrlar:

Ingveldur Ævarsdóttir

Dróttaskátar – Orion:

Þorbjörg Petra Pálsdóttir

Rekkaskátar – Búrhvalur:

Ævar Aðalsteinsson

### Umsjónarmenn:

Heimasíða Mosverja:

Gunnar Ingi Gunnarsson

Skoðunarmaður reikninga:

Halldór Halldórsson

Verkefnastjóri stikuverkefnis:

Ævar Aðalsteinsson

### Skýrsla stjórnar Mosverja starfsárið 2011 – 2012

Mosfellsbæ, mars 2012

### Ritnefnd:

Gunnar Atlason

Kjartan Jónsson

Jóhanna Kristín Andrésdóttir

Ævar Aðalsteinsson (ábyrgðarmaður)

### Blaðamaður:

Haraldur Diego

### Ljósmyndir:

Úr ljósmyndasafni Mosverja

### Umbrot & hönnun:

Guðmundur Pálsson / [kontent.is](http://kontent.is)

### Prentun: Litlaprent







## Efnisyfirlit

**Frá félagsforingja:** Heil öld í íslensku skátastarfi .....4

**Skátasveitirnar í Mosverjum:** Skátastarf fyrir börn frá átta ára aldri til 18 ára aldurs .....6

**Hvað er skátastarf?:** Að uppgötva heiminn með því að kanna nýjar lendur og fást við fjölbreytt og spennandi verkefni ..... 10

**Skátafélagið Mosverjar 50 ára – 1962-2012:** Mosverjar á afmælisári ..... 12

**Viðtal við Jón Sævar Jónsson og Ásthildi Jónsdóttur:** Frækin skátasystkin í Mosfellssveit ..... 15

**Viðtal við Elvu Jónatansdóttur:** Gæfan að kunna gítargrip ..... 17

**Viðtal við Andrés Þórarinsson og Ástu Björnsdóttur:** Ævintýr og endurreisn ..... 18

**Viðtal við Ævar Aðalsteinsson og Gunnar Atlason:** Svo vex sem til er sáð..... 21

**Starfsemi skátafélagsins Mosverja og svipmyndir frá starfsárinu 2011-2012:** Samhentur foringjahópur, gott samstarf og stuðningur sveitarfélagsins er lykillinn að öflugum skátastarfi í Mosfellsbæ ..... 24

**Dagbók Mosverja 2011** ..... 28

**Dagbók Mosverja 2012 – Afmælisár** ..... 31



Á síðasta starfsári fögnuðu íslenskir skátar 100 ára afmæli skátastarfs á Íslandi. Margt hefur drifið á dagana og skátastarfið gengið í gegnum margháttaðar breytingar og byltingar á þeim tíma. Fjöldi íslenskra ungmenna hefur tekið þátt í skátahreyfingunni og lært þar marga góða hluti sem hafa verið þeim veganesti gegnum lífið.



# Heil öld í íslensku skátastarfi

Á vissum árum hefur skátahreyfingunni gengið vel í íslensku samfélagi: Skátafélög verið stofnuð um allt land og mikill fjöldi starfað innan skátafélaganna. Á öðrum tímum hefur verið á brattann að sækja. Skátastarfið hefur þá fjarð út á vissum stöðum og skátafélög verið lögð niður. Þetta er eðlileg þróun þar sem keðjan verður aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn. Í dag eru skátafélög starfandi víða um land og íslensk skátafélög um 30 talsins með um 3000 meðlimi.

## Hálf öld í mosfellsku skátastarfi

Árið 2012 var líka stórafmælisár okkar Mosverja því á starfsárinu fögnuðum við 50 ára formlegu skátastarfi í Mosfellsbæ. Með þátttöku Mosverja í landsmóti skáta sem haldið var á Þingvöllum 1962 var skátastarfi Mosverja komið formlega af stað. Mosverjar hafa líka gengið í gegnum margháttaðar breytingar og verið mismikið starfandi á þessum árum sem liðin eru en alltaf hefur verið blásið í hálfkúlnaðar glæður og skátastarfinu verið haldið áfram.

Í dag hefur félagið verið starfandi samfellt og með miklum þrótti í um tvo áratugi. Með góðum stuðningi frá bæjaryfirvöldum hefur það skipað sér á bekk með öðrum æskulýðsfélögum í Mosfellsbæ og er löngu orðinn sjálf-sagður valkostur barna og unglunga hér í bæ. Skátastarf þarf alltaf að leiða til

góðra verka og markmiða, en er í eðli sínu mjög opin fjölbreytt iðja. Það getur tekið á sig ýmsar myndir hvað varðar verkefni og leiðir að settu markmiði og er það að nokkru leyti undir því komið hvað aðstæður og umhverfi bjóða upp á. Í Mosfellsbæ hafa Mosverjar í starfi sínu verið heppnir með foringja og foreldra sem hafa stutt við bakið á skátastarfinu í gegnum árin. Við höfum nýtt okkur aðgang að ómengaðri náttúru rétt við bæjardyrnar auk þess sem stærð sveitarfélagsins er mjög heppileg. Einnig hafa Mosverjar notið góðrar samvinnu og stuðnings bæjaryfirvalda á hverjum tíma. Allt hefur því orðið til þess að starfið hefur aukist, fjöldi skáta margfaldast og öll aðstaða og búnaður skátafélagsins batnað með árunum.

## Endurskipulagning skátastarfsins

Nú er lokið mikilli endurskipulagningu á íslensku skátastarfi. Bandalag íslenskra skáta hefur á undanförunum árum unnið að nýrri skátadagskrá, einkennismerkjum og innra skipulagi hreyfingarinnar sem vekur okkur miklar vonir og hlakka Mosverjar til þessara nýju tíma í íslensku skátastarfi. Ekki þarf að óttast neitt ef hefðbundið skátastarf fær að þróast og dafna í takti við samfélagsbreytingar og ný viðhorf.

Stjórn Mosverja vill þakka öllum skátum, foringjum félagsins, foreldrum og stuðningsfólki kærlega fyrir vel unnin störf á sl. starfsári. Þau skila okkur áleiðis og hvetja okkur til að halda ótrauð áfram. Vonandi hefur þú lesandi góður gaman af því að lesa þetta rit og kynnst þar skátastarfi Mosverja á síðastliðnu starfsári auk þess sem þér er boðið í skemmtilegt ferðalag aftur til fortíðar.

f.h. stjórnar Mosverja  
Ævar Aðalsteinsson  
félagsforingi





...Stjórn Mosverja vill þakka öllum skátum, foringjum félagsins, foreldrum og stuðningsfólki kærlega fyrir vel unnin störf á síðastliðnu starfsári.







Skátasveitirnar í Mosverjum

# Skátastarf fyrir börn frá átta ára aldri til 18 ára aldurs

Skátastarfið byggist á skátafundum skátasveitanna. Þeir eru haldnir að jafnaði einu sinni í viku. Mosverjar bjóða uppá skátastarf fyrir börn frá átta ára aldri til 18 ára aldurs. Eftir það er starf skátans bundið að mestu við foringjastörf eða sérstök tímabundin verkefni. Í Mosverjum voru starfandi sjö skátasveitir á starfsárinu.

## Drekaskátasveitin Drakó

Skátar 8 – 9 ára

Fyrsta skátastarfið sem börnin kynnst leggur oft grunninn að áframhaldandi veru þeirra í skátunum. Mosverjar hafa á undanförunum árum getað státað af öfluglu starfi fyrir yngstu börnin og hefur það haft góð áhrif á vöxt og viðgang félagsins. Í drekkaskátunum eru bæði strákar og stelpur saman og voru fundir skipulagðir sérstaklega fyrir hvort aldursárið út af fyrir sig. Á starfsárinu fóru drekkaskátarnir meðal annars í dagsferð í félagsútilegu Mosverja, í kaupstaðarferð til Reykjavíkur og tóku þátt í göngudegi fjölskyldunnar við Hafrvatn. Margt skemmtilegt var gert á fundum. Skátarnir lærðu að tálga, binda nokkra hnúta, nota prímus, hvernig á að klæða sig í útilegu og ýmislegt fleira sem skátar þurfa að kunna. Börnunum eru líka kynnt skátalögin og skátaheitið ásamt ýmsu sem lýtur að góðum siðum og venjum. Góðverk, tillitsemi og efling umhverfisvitundar voru t.d. meðal ágættra verkefna drekkaskátanna í Mosverjum. Verkefnið

um Ruslaskrímslið vakti áhuga skátanna og þátttaka í góðverkaviku BÍS tókst vel. Lokaviðburðurinn á dagskránni var svo þegar tuttugu og fimm drekkaskátar ásamt sex ofurdrekum (foringjum) mættu á drekkaskátamót ásamt rúmlega 200 öðrum drekkaskátum. Gist var í tjöldum og allir nutu sín vel í góðri skátadagskrá. Veðrið lék líka við okkur og að sjálfsgöðu komu Mosverjar heim með tjaldbúðarverðlaunin. Á þessu sést að starfið er mjög fjölbreytt auk þess að haldnir eru foreldrafundir. Þá er gefin út dagskrá í formi fréttablaðs sem gefur foreldrum færi á að fylgjast vel með starfinu.





## Fálkaskáta- sveitirnar Hafernir og Smyrlar

Skátar 10 – 12 ára

Á fálkaskátastiginu er skátunum skipt í stelpusveitina Smyrla og strákasveitina Haferni.

Fálkaskátarnir fara yfirleitt fljótlega í sína fyrstu útilegu eins og Smyrlarnir gerður strax í upphafi starfsársins. Vegna veðurs var útilegan reyndar höfð í skátaheimilinu en seinna um veturinn fóru stelpurnar í skálaútilegu upp undir Esjuhlíðar. Þar dvöldu þær í skátaskálanum Þristi sem er lítill skáli án rafmagns og hita og höfðu það samt bara mjög gott. Foreldrar sáu um akstur og aðstoðuðu við útileguna. Fálkaskátafundur hafa skemmtilega dagskrá. M.a. prófa þeir að elda sjálfir á prímus og eru tilbúnir að gera ýmis verkefni sem reynir á. Með fjölbreyttri dagskrá eiga þeir að fá tækifæri til að upplifa og kanna umhverfi sitt á alveg

nýjan hátt. Fundirnir eru ýmist sveitarfundir eða flokksfundir og fá skátarnir sjálfir að skipuleggja starfið með aðstoð foringjanna. Til þess er meðal annars notaður lýðræðisleikur og breyttist þá skátaheimilið í sölutorg dagskráratriðanna. Heimsókn í björgunarsveit er líka vinsæll viðburður og farið var í skautahöllina. Strákunum finnst mest gaman að vera úti og nota umhverfi skátaheimilisins til að gera skemmtilega og spennandi hluti. Á fyrsta fundi eftir áramótin var mikill snjór í Mosfellsbæ. Þá notuðu skátarnir tækifærið og gerðu snjóskúptúra og léku sér þannig í snjónum sem nóg var af. Þegar fór að vora og daginn að lengja voru haldnir skátafundir uppi við Hafrvatn. Þá var tíminn notaður til að sigla á kanóbátum Mosverja og grillaðar pylsur voru etnar með bestu lyst. Fálkaskátastarfið var líka miðað að nokkru leyti við þátttöku skátanna í landsmóti skáta. Ýmis verkefni og þrautir tengdar mótinu voru því fléttuð inn í dagskrána sem varð þá markviss og skemmtileg.



## Dróttskátasveitin Orion

Skátar 13 – 14 ára

Í Mosverjum er starfandi ein dróttskátasveit. Þar eru bæði strákar og stelpur og hittast þau á kvöldfundi. Dróttskátar eru einnig oft á tíðum aðstoðarforingjar í fálkaskáta- eða drekaskátastarfinu. Dagskrá dróttskátanna var mjög þróttmikil á starfsárinu enda krakkarnir búnir að þekkjast lengi og hafa með árunum tileinkað sér skátastarf með útilegulífi og ýmsu sem tengist skátastarfinu. Ævintýrakeppnin Hrollur sem haldin er árlega er einn stærsti viðburðurinn. Það er verkefnaleikur sem fer fram við Hafrvatn. Skátunum er skipt í tveggja til þriggja manna lið og keppa dróttskátarnir hverjir við aðra um að leysa eins mörg verkefni og þeir komast yfir og að rata rétta leið. Sumir gista líka í tjaldi og þurfa því að kunna ýmislegt fyrir sér í útilegufræðum. Þau fóru í margar útilegur á starfsárinu. Meðal annars var farið upp að Hafrvatni, í Vífilsbúð, Þrist og á

landsmótið á Úlfjótavatni. Þá voru hafðar innilegar innilegur í skátaheimilinu þar sem lagst er í spilamennsku, mikið etið og horft á myndir. Dróttskátarnir kunna líka að hreyfa sig, ganga á fjöll og klifra. Meðal verkefna dróttskátasveitarinnar var gönguferð á Helgafell á kvöldfundi í kolniðamyrkri, heimsókn í Klifurhúsið og götuleikur í Mosfellsbæ ásamt dróttskátunum úr Segli í Breiðholti.





## Rekkaskátasveitin Búrhvalur

Skátar 15 – 18 ára

Rekkaskátasveitin í Mosverjum heitir Búrhvalur. Skátarnir hittast á kvöldfundi einu sinni í viku og skipuleggja starfið að mestu leyti sjálf. Rekkaskátar eiga að stefna á forsetamerkið sem lokaáfangi en til þess þarf mjög öflugt og skipulagt starf þar sem áætlun er fylgt og dagbók haldin yfir verkefni og viðburði. Meðal verkefna á fundum Búrhvals má nefna að hnýta hengirúm, baka á hollendingunum (stórum pottum sem settir eru á heitar hlóðir), klifra og síga í kletta. Þá var skipulagt gítarnámskeið þar sem gítarkennari kom nokkrum sinnum og kenndi skátunum. Einnig var farið í skíðaferð í Bláfjöll og farið í nokkrar úti- legur upp á Hellsheiði í skátaskálana þar.



Eitt stærsta viðfangsefni rekkaskátanna á starfsárinu var að skipuleggja og halda ævintýrakeppnina Hroll. Það tekur mikinn tíma og felst í að undirbúa og skipuleggja með nokkurri nákvæmni liðakeppni fyrir dróttskáta. Keppnin fer fram eina helgi í mars og fara nokkrir fundir í undirbúning og skipulagsvinnu auk þess sem fara þarf um keppnissvæðið til að koma verkef- napóstum fyrir á sína staði.

Einnig tóku rekkaskátarnir þátt í landsmóti skáta á Úlfjótssvatni. Þar var skipulögð sérstök dagskrá fyrir þá auk þess sem rekkarnir komu sterkir inn í allskonar tjaldbúðavinnu og aðstoð við yngri Mosverja. Nokkrir rekkaskátar störfuðu líka sem sveitarforingjar á starfs- árinu og koma því oft í skátaheimilið.

## Roverskátasveitin Rögnvaldur

Skátar 19 – 22 ára

Með árunum hefur fjölgað í hópi þeirra skáta sem starfað hafa með Mosverjum og haldið tryggð við félagið jafnvel eftir að formlegu skátastarfi lýkur. Í mörgum skátafélögum og víða um lönd er þetta starf mjög öflugt og halda skátarnir hópinn oft langt fram á fullorðinsár.

Roverskátarnir í Mosverjum hafa tekið þátt í tímabundnum verkefnum og dag- skrárlíðum svo sem félagsútilegu, hátíðar- fundi í Hlégarði og landsmóti skáta. Einnig hafa roverskátar setið í stjórn Mosverja auk þess að vera þátttakendur í skátastarfi hjá BÍS sem skipuleggjendur viðburða sitjandi í ýmsum nefndum og ráðum.

Alþjóðlega skátamótið Roverway er skemmtilegur vettvangur Roverskáta auk IMWE verkefnasmiðunnar sem haldið er árlega í gömlum kastala í Þýskalandi. Þangað hafa roverskátar í Mosverjum oft farið og hitt þar skáta frá öðrum löndum.





## Smellirnir

### Skátar 22+

Skátasveitin Smellirnir var stofnuð formlega árið 2008. Þá varð til ákveðinn vettvangur fyrir fullorðna skáta í Mosfellsbæ og foreldra starfandi skáta sem langar að koma á skátafund og kynnst skátastarfinu af eigin raun. Starfsemin fór aðallega fram á mánaðarlegum fundum auk léttra gönguferða í nágrenni Mosfellsbæjar.

Margt hefur verið fjallað um og oft haldnir fróðlegir fyrirlestrar á fundum Smellanna. Má nefna fyrirlestur um Snæfellsnes í máli og myndum, söguna um Reynistaðabræður sem rifjuð var upp og ráðið þar í 200 ára gamlar eyður.

Þá var önnur hrakningarsaga af Austfjörðum til umfjöllunar ásamt fróðlegum fyrirlestri um Þingvallasvæðið, sögu þess og náttúru.







Hvað er skátastarf?

## Að uppgötva heiminn með því að kanna nýjar lendur og fást við fjölbreytt og spennandi verkefni

Þegar Baden Powell (1857 – 1941) stofnandi skátahreyfingarinnar kom heim til Englands eftir áratuga dvöl á Indlandi og í Afríku blasti við honum borgarsamfélag þar sem stærstur hluti ungs fólks virtist alast upp sem óvirkir þegnar og neytendur. Honum fannst það hæt-tuleg þróun og vildi að sem allra flestir lærðu að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir samfélagsþegnar.

Eftir langa reynslu sem herforingi í breska hernum gaf hann út skömmu fyrir aldamótin 1900 lítið fræðslurit, **Aids for Scouting**, sem ætlað var að kenna hvernig hægt væri að komast af við erfiðar og óþekktar aðstæður, nota eigin hugkvæmni, þjálfra sjálfstæða hugsun og bjarga sér í óbyggðum: Verða könnuðir og komast vel af án utanaðkomandi hjálpar. Með þessu riti ásamt áhrifum frá ýmsum uppeldis- og menntunarstefnum mótaði hann hugmyndir sínar sem leiddi til stofnunar skátahreyfingarinnar árið 1907. Hann ákvað að gera tilraun með þessar hugmyndir sínar með því að bjóða hópi drengja, 11 – 15 ára af ólíkum þjóðfélagsstigum, til fyrstu skátaútileg-unnar. Honum fannst mikilvægust virk þátttaka drengjanna í hópi jafningja og saman gætu þeir uppgötvað heiminn með því að kanna nýjar lendur og fást við fjölbreytt og spennandi verkefni.

Baden Powell skrifaði síðan bókina Scouting for Boys sem hefur verið þýdd á fjölmörg tungumál. Hún er ein af mest seldu bókum á 20. öldinni og kom út á íslensku 1948 undir heitinu **Skátahreyf-ingin**. Hún varð grundvallarrit sem starfið hefur byggst á.



Baden Powell fylgdist með þróun þessarar nánast sjálfsprottnu hreyfingar og sá að tímabært var að stofna formlegar höfuð-stöðvar í hverju landi fyrir sig og síðar alþjóðasamtök skáta til að skipuleggja þetta starf sem sinnti vaxandi þörf hvert sem lítið var. Hann hvatti líka fullorðin fólk til að starfa og styðja við bakið á ungu skátunum. Þannig fór skátahreyf-ingin eins og eldur í sinu á skömmum tíma um víða veröld og varð ein stærsta æskulýðs- og uppeldishreyfingin í heimi-num.

Nú þegar rúm öld er liðin frá upphafi skátastarfs eru starfandi tæplega 40 milljónir skáta í heiminum í meira en 200 þjóðríkjum.



Markmið skátahreyfingarinnar er að gefa ungu fólki tækifæri til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar



## Skátaaðferðin

Reynslunám (learning by doing) er hluti af skátaaðferðinni eins og Baden Powell lýsti henni. Þar fléttast saman þroskaferill barna, skynsemi, siðferði og félagsleg greind. Líffræðilegar breytingar barna, kynþroski og þörfin fyrir að skilja umhverfi sitt og vera sjálfstæður eru hluti af þroskaferli barna og gerir oft lífið flókið. Til að mæta þessu er hin svo kallaða skátaaðferð í raun hugmynda og aðferðafræði skátahreyfingarinnar sem felld er í eina heildstæða aðferð. Skipta má skátaaðferðinni í þrjá meginþætti sem vinna saman og einnig hver með öðrum.

1. Skátarnir, fullorðnu foringjarnir og sambandið þeirra í milli.
2. Það sem fókíð vill gera: Áfangamarkmið og verkefni til að ná þeim.
3. Hvernig markmiðunum er náð: Aðrir þættir skátaaðferðarinnar svo sem: skátalögin, flokkakerfið, táknræn umgjörð, útilíf, leikir og hjálpsami.

Markmið skátahreyfingarinnar er að gefa ungu fólki tækifæri til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar – að verða eiginlegir skátar, þ.e. könnuðir fyrir lífstíð og að upplifa magnað andrúmsloft skátastarfsins sem stundum er kallaður „skátaandinn“ með innihaldsríku sveitar- og flokksstarfi. Skátastarfið skapar lífstíl og mótar siðferðisvítund og persónubundið gildismat. Gæði og fjölbreytileiki skátastarfsins er eitt mikilvægasta verkefni skátaforingjans og skal ætíð reynt að fylgja þeirri stefnu. Skátasveitin á að standa vörð um markmið skátahreyfingarinnar sem er: skátaheitið, skátalögin og kjörorð skáta.

- **Skátaheitið** er valkvætt loforð og að vígjast sem skáti er mikilvæg stund í lífi hvers skáta.
- **Skátalögin** leggja til góð gildi og reglur eru mikilvægar fyrir börn og unglinga.
- **Kjörorðið** minnir okkur á skátaheitið.

## Skátadagskráin

Skátadagskráin á að taka mið af uppeldismarkmiðum skátahreyfingarinnar. Dagskráin getur verið mjög fjölbreytt og á að innihalda tvenns konar markmið: Áfangamarkmið sem er röð af skrefum í átt að lokamarkmiðinu sem er sá persónulegi þroskaferill sem fæst í skátastarfinu. Með öðrum orðum: að læra með leik.

Mosverjar standa fyrir kraftmiklu starfi þar sem vörður að markmiðum okkar eru skýrar:

**Hópvinna** – til að þroska tillitsemi, samstarfshæfileika, ábyrgð, stjórnunarhæfileika og fá að segja sína skoðun.

**Einstaklingsframtak** – til að geta leyst þroskandi verkefni upp á eigin spýtur.

**Útilíf** – til að efla líkamsþrek, njóta náttúrunnar og bjarga sér við óvenjulegar aðstæður.

## Skátaheitið

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess: að gera skyldu mína við guð og ættjörðina að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.

## Skátalögin

Skáti er: hjálpsamur / glaðvæ / traustur / náttúruvinur / tillitssamur / heiðarlegur / samvinnufús / nýttinn / réttisýnn / sjálfstæður

## Kjörorð skáta

Ávallt viðbúin!

**Fjölbreytt viðfangsefni** – til að kenna skátunum ýmis nytsöm störf og geta brugðist við óvæntum verkefnum á lífsleiðinni.

**Alþjóðastarf** – til að fá tækifæri til að kynnast fólki í öðrum löndum, háttum þess og menningu.







Skátafélagið Mosverjar 50 ára 1962 – 2012

*Hópur Mosverja á lýðveldismóti skáta  
á Úlfjótssvatni 1994*

# Mosverjar á afmælisári

**Upphaf skátastarfs í Mosfellssveit má rekja aftur til upphafs sjöunda áratugar síðustu aldar, sennilega ársins 1960. Þá var öðruvísi um að litast hér um slóðir, sveitarfélagið taldi nokkur hundruð manns og byggðin var dreyfð. Á þeim tíma var mun minna framboð og tækifæri til tómsundaiðkunar hjá börnum og unglingum og Ungmennafélagið Afturelding nánast eini vettvangurinn fyrir félagslíf ungra Mosfellinga.**

Skátastarfið þótti því mikil nýlunda og var Jón M. Sigurðsson, sem hafði byrjað sem kaupfélagsstjóri 1956, helsti frumkvöðull að skátastarfinu. Eins og áður sagði var byggðin dreifð á þeim tíma og í skátafélaginu störfuðu í upphafi þrjú flokkar. Í Reykjaværfinu voru Ernirir, Gammarnir störfuðu í svokallaðri niðursveit, þ.e. hér í núverandi miðhluta Mosfellsbæjar, og stúlknaflökkurinn Fjólurnar voru í Mosfellsdal.

Litlar sagnir eða prentaðar heimildir eru til um skátastarfið þessi fyrstu ár en elsta örugga heimildin er stórmerki-legt kálfskinn sem hefur gegnt hlutverki gestabókar í tjaldbúð Mosverja á Landsmóti skáta á Þingvöllum 1962. (mynd) Við þessa þátttöku Mosverja í Landsmótinu 1962 viljum við miða okkar afmælisár. Á því má sjá að margir góðir gestir hafa heimsótt Mosfellinga, m.a. Olavi Baden Powell alheimsskátahöfðingi kvenskáta. Hún var eiginkona Robert Baden Powell alheimsskátahöfðingja sem

þá var fallinn frá. Olavi hefur eflaust verið boðið til Íslands í tilefni af 50 ára afmæli íslensku skátahreyfingarinnar 1962. Auk þess eru nöfn 16 Mosverja sem hafa verið þátttakendur á mótinu.



*Andrés H. Þórarinnsson,  
fyrrverandi félagsforingi Mosverja*




Skátafélagið hafði á þessum árum ekkert skátaheimili og voru fundir því haldnir á ýmsum stöðum. Stofa Jóns kaupfélagsstjóra var t.d. hernumin og haldnir voru skátafundir í vélsmiðju sem hét Beltasmiðjan, þar sem Bónus er núna. Skátafundir voru líka haldnir í gamla skólahúsinu að Brúarlandi og eflaust víðar á þessum upphafsárum.

En hvað voru skátarnir að gera? Mosverjarnir stunduðu hefðbundið skátastarf. Farið var í leiki, lærðir hnútar og lært á áttavita. Spírur súrраðar saman og farið í gönguferðir og útilegur aðallega upp að Hafravatn í gamla kvenskátaskálann sem þar var. Mikið var sungið og hjálp í viðlögum æfð. Einnig voru Mosverjar snemma farnir að ganga fylktu liði og standa teinréttir í heiðursverði við ýmis tækifæri eins og á þjóðhátíðardeginum 17. júní.



Síðan líða árin og Mosverjar eru starfandi mismikið. Það koma lægðir í starfið en á öðrum tímum er mikill kraftur í Mosverjum og má nefna að um 1980 þá er innritað í félagið. Þá komu á annað hundrað krakkar sem vildu taka þátt í skátastarfinu. Húsnæði fyrir félagið var mikið vandamál svo fundir voru haldnir í Varmárskóla með stuðningi bæjaryfirvalda. Góður kjarni unglinga hélt þá starfinu gangandi í nokkurn tíma og Mosverjar héldu uppi öflugum starfi í sinni heimabyggð og fóru víða á skátamót hér innanlands ásamt því að taka þátt í starfi með öðrum skátafélögum.



**Farið var í leiki, lærðir hnútar og lært á áttavita. Spírur súrраðar saman og farið í gönguferðir og útilegur aðallega upp að Hafravatn í gamla kvenskátaskálann sem þar var.**



Árið 1993 má segja að síðasti kaflinn í sögu okkar hafi byrjað. Þá fékkst líka í fyrsta sinn fjárstuðningur frá Mosfellsbæ auk þess sem bærinn útvegaði tímabundið húsnæði í nokkur ár. Það var svo árið 2001 að núverandi skátaheimili í gömlu símsstöðinni var tekið í notkun.



*Mosverjar á lýðveldismótinu 1994*

Starfið hefur verið allgott á undanförunum árum og margt verið gert. Við höfum einbeitt okkur að starfinu hér í Mosfellsbænum sem er orðið mjög fjölbreytt. Samstarfið við Mosfellsbæ hefur gefist vel og aukist ár frá ári og enn fremur hafa Mosverjar hafa tekið þátt í öðrum skátaviðburðum á Íslandi. Þar hafa landsmót skáta verið vel sótt auk þess sem Mosverjar byrjuðu að sækja skátamót á erlendri grund. Við höfum nú farið til fjölmargra landa, m.a. á tvö jambooreemót- stóra afmælistótið á Englandi 2007 og til Svíþjóðar 2011 svo dæmi séu tekin. Margir einstaklingar hafa komið við í Mosverjum á sinni þroskabrot og ekki má heldur gleyma þeim fjölmörgu fullorðnu einstaklingum, foreldrum og öðrum sem hafa lagt starfinu lið á einhvern hátt.

Skátastarfið á Íslandi hefur í árána rás gengið í gegnum miklar breytingar þótt inntakið sé alltaf það sama. Á síðustu árum hefur farið fram mikil endurskoðun á starfsaðferðum og skátadagskrá sem nú er að komast á lokastig. Allt lofar það góðu og mun efla og styrkja okkur til nútímalegra vinnubragða sem styðjast við gömul og góð skátagildi.

Stefna Mosverja er nú sem áður að standa fyrir fjölbreyttu og öflugum skátastarfi. Á nýliðnu starfsári hefur margt verið gert sem hefur styrkt skátastarfið í Mosfellsbæ. Á árinu var þess minnst að 100 ár eru liðin síðan skátastarf hófst á Íslandi og minntust skátar þeirra tímamóta á ýmsan hátt. Skátarnir í Mosverjum hafa ekki látið sitt eftir liggja í þeim efnum og tóku meðal annars þátt í afmælislandsmóti skáta á Úlfjótavatni síðastliðið sumar. Mosverjar fögnuðu einnig 50 ára afmæli félagsins með sérstökum hátíðarfundum á Baden Powell deginum 22. febrúar 2012. Um þetta og margt annað sem drifið hefur á daga okkar má lesa hér í þessu riti ásamt því að dregnar eru upp svipmyndir frá starfsárinu 2011 – 2012.



*Mosverjar vígðu nýliða við hátíðlega athöfn í Lágafellskirkju um árabíl*



Viðtal við Jón Sævar Jónsson og Ásthildi Jónsdóttur:

## Frækin skátasystkin í Mosfellssveit

Einir fyrstu skátarnir í Mosfellssveit voru þau Jón Sævar og Ásthildur, börn kaupfélagsstjórans og fyrsta skátaforingja Mosverja, Jóns Sigurðssonar. Hann átti veg og vanda að stofnun þessa félags sem lifir svo góðu lífi í dag. Sem drengur hafði Jón verið skáti í Reykjavík, nánar tiltekið í vesturbænum, svo líkast til þurfti ekki miklar fortölur til að hann tæki þetta verkefni að sér í samstarfi við góða skáta úr Reykjavík.

„Það voru hæg heimatökin fyrir okkur að komast í skátana,“ segir Jón og rifjar upp fyrstu kynnin af skátunum, þarna fyrir hálfri öld síðan. „Pabbi var kaupfélagsstjóri Kjalarnefngings og var fenginn til að leiða stofnun skátasambands í Mosfellssveit og veita því forstöðu. Það hefði áreiðanlega aldrei orðið að neinu hefði ekki komið til gríðargóð aðstoð frá Reykjavík, en þeir Baldur Ágústsson og Halldór Magnússon voru boðnir og búnir til að leggja þessu verkefni lið. Í þá daga voru samgöngurnar milli Mosó og Reykjavíkur ekki allskostar eins greiðar og nú svo þetta hefur verið mikilsvert framtak hjá þeim.“

„Já, ég man vel eftir því að Halldór kom oft til pabba þegar var verið að leggja drögin að þessu,“ segir Ásthildur. „Það vakti líka upp ákveðna spennu hjá okkur að fá að vera með. Ég byrjaði á því að vera ylfingur, en mér fannst fljótt að ég væri orðinn alvöru skáti.“

### Metnaðarfullt verkefni

Stofnun Mosverja tókst býsna vel upp að þeirra mati. Þar kom margt til, til dæmis mikill áhugi og metnaður fyrir að halda úti góðu starfi. „Það var bara einn skóli í Mosfellssveit á þessum tíma svo það var hægt um að koma skilaboðunum um stofnun skátafélagsins áleiðis til allra krakkanna. Upp hófst mikið og lífligt



Jón Sævar Jónsson

starf, eins og oft vill verða um nýjungar í félagsmálum. Annað félagsstarf var af skornum skammti fyrir krakka á þessum aldri, helst þá ungmennafélagið. „Krákkarnir sem voru ekki mikið fyrir hópíþróttirnar áttu miklu frekar heima í skátunum. Þetta var allt öðruvísi félagskapur, upp byggður á samstöðu, en ekki samkeppni,“ segir Jón.

„Þótt samskiptin við krakkana hafi verið auðveld voru samgöngur innan sveitarinnar ekki auðveldar á þessum tíma,“ rifjar Ásthildur upp. „Sveitin var mjög dreifð og auðvitað bara malarvegir á milli bæja og nánast engin lýsing. Í þá daga tíðkaðist ekki að skutla krökkum og sækja, heldur löbbaðum við sjálf allt sem þurfti og þurftum stundum að vaða hnédjúpan snjó í myrkri. Á virkum dögum voru að vísu rútuferðir þrisvar á dag í gegnum sveitina, en engar á frídögum. Svo áttu ekkert allir bíl til að fara á milli staða. Það var því afrek í sjálfu sér að krakkar hreinlega lögðu það á sig að mæta á fundi. Þótt gönguleiðin hafi verið stutt fyrir okkur, var það sama ekki sagt um marga aðra krakka.“

Eftir að hyggja var stofnun skátafélags mjög djörf hugmynd að mati Ásthildar, einkum vegna dreifðar byggðar og



Ásthildur Jónsdóttir

fámennis í sveitinni. En það gekk vonum fram og starfið fór vel af stað. Þau systkinin eru sammála um að dugnaður föður þeirra hafi skipt verulegu máli í því sambandi, því ekki var það þannig að hann hefði lítið að gera, með tíu manna heimili og í krefjandi starfi.



Landsmót skáta Þingvöllum 1962

### Landsmótið lærdómsríkt

Af nokkrum hópum sem störfuðu innan skátanna var Jón Sævar í hópnum sem kallaði sig Gammar. „Ætli við höfum ekki verið um átta til tíu strákarnir í Gömmunum. Við fengum aðstoðu hjá Davíð Guðmundssyni sem rak fyrirtæki sem hét Beltasmiðjan og var staðsett þar sem



miðbær Mosfellsbæjar er núna, steinsnar frá húsinu okkar. Þar fengum við strákarnir inni á kaffistofunni og héldum okkar félagsfundi, fönndruðum og ræddum landsins gagn og nauðsynjar eins og okkur var unnt.“

Ein fyrstu verkefni Mosverja var að binda saman trönur og skrifa á skinn sem notuð voru á skátahátíðinni á Þingvöllum 1962. Skinnið fannst mörgum árum síðar uppi á háalofti Kaupfélagsins ásamt öðrum munum eins og fána félagsins. Undir þeim fána og fána lýðveldisins var skundað á Þingvöll, með klútana, axlarborðana og böndin í axlarflipunum.



Skinn Mosverja frá Landsmóttinu 1962

Á þessa hátíð fór Ásthildur, þá tæpra þrettán ára gömul, með hópnum sínum, Bláklukkunum. „Þetta var sannkölluð manndómsvígsla,“ segir hún þegar ferðin er rifjuð upp, enda var þetta í fyrsta sinn sem hún þurfti að standa á eigin fótum og hugsa um sig frá a til ö - án aðstoðar foreldranna. „Þarna var vaknað á sama tíma á hverjum morgni og maður lagði mikinn metnað í að halda tjaldinu hreinu og búa rétt um fyrir skoðun foringjanna. Það var nú ekki mikið um föt til skiptanna í ferðinni, aðallega var það skátabúningurinn sem var notaður. Hann þurfti náttúrulega að vera hreinn og til sóma, eitthvað sem gæti reynst unglingsstúlku erfitt í 10 daga útilegu. En það tókst.“



Varðeldur á Landsmóttinu 1962

Á þessum tíma voru myndavélar ekki jafn algengar og nú til dags. Ásthildur saknar þess að eiga engar myndir frá þessu landsmóti. Þótt einhverjar myndir hafi verið teknar af hópnum hennar hafi hún aldrei séð neinar, því engin var myndavélin í farangrinum.

Eins og alkunna er meðal skáta var mikið um ferðalög og útilegur. „Skátarnir í Reykjavík áttu skála upp við Hafvatn og höfðu þar ágætis aðstöðu sem við fengum stundum að heimsækja. Eins og í öllum skálaferðum var okkur kennt allt sem viðkemur svona ferðum eins og að nota áttavita til að rata og rétt notkun útbúnaðar og fleira. Þetta virkaði vel til að styrkja tengslin við hópana úr Reykjavík sem og innbyrðis. Þar var líka gert mikið úr þeim siðareglum sem enn eru í gildi hjá skátunum og eru líklega runnar undan einhverju herskipulagi, allt mjög hefðbundið og agað. Allt var þetta þó byggt upp í anda bræðralags, en ekki samkeppni. Þetta var félagsskapurinn sem hentaði öllum, líka þeim sem ekki voru mikið keppnisfólk í íþróttum.“

„Við fengum líka mjög góða kennslu og þjálfun í meðhöndlun íslenska fánans,“ segir Ásthildur. „Það er lærdómur sem hefur fylgt manni í gegnum lífið, að binda hann upp, brjóta hann rétt saman og meðhöndla hann með virðingu er eitthvað sem situr fast eftir og maður reynir að koma þeirri hugsun áfram til afkomendanna.“

Systkinin rifja upp þann metnað sem lagður var í að læra hlutina sem kenndir voru innan skátanna. Jón Sævar segir:

„Með hverju námskeiði sem lokið var og þekkingu náð fengum við merki til viðurkenningar árangrinum, hvort



Olave Baden-Powell heiðursgestur mótsins og Páll Gíslason mótsstjóri á varðeldapalli á Landsmóti skáta á Þingvöllum 1962

sem það var á sviði fyrstu hjálpar eða hnútagerðar. Þótt það hafi verið okkur kappsmál að safna þessum merkjum var engin samkeppni milli manna. Við ætluðum okkur allir að ná þessum stigum og gerðum okkar til að hjálpa öðrum til þess. Og svo var farið í skátaheimilið við Snorrabraut í Reykjavík til að ná í merkin.“

Ásthildur segir það hafa verið „dálítill seremónía“ fólgin í móttöku strípanna, viðurkenningamerkjanna. Þeir viðburðir voru hvati til lærdómsins og mikil virðing í því fólgin að fá viðurkenningu árangurs.

## Virðing fyrir fólki og umhverfinu

Eitt það fyrsta sem heillaði Jón Sævar við skátahreyfinguna var virðingin fyrir náttúrunni. „Í skátunum lærði maður hvernig ganga ætti um umhverfið og náttúruna, löngu áður en orðið náttúruvernd var upp fundið. Hvert sem við fórum og hvað sem gert var á þeim stöðum var alltaf gengið svo frá að vart sæjist að þar hefði verið fólk á stjá. Ekkert var skilið eftir, jafnvel þótt varðeldar væru kveiktir. Þessi virðing fyrir náttúrunni varð að veigamiklum gildum sem maður heldur enn í heiðri, hálfri öld síðar.“ Ásthildur tekur undir þetta og segir að í öllum skálaferðum eða útilegum hafi verið reynt að skilja jafn vel við og þegar komið var að staðnum, helst betur.

Jón Sævar telur að skátastarfið hafi skilað mikilvægum lífslexíum. „Á þessum aldri er maður kannski einna helst móttæki-



„Í skátunum lærði maður hvernig ganga ætti um umhverfið og náttúruna, löngu áður en orðið náttúruvernd var upp fundið”.



Skátapiltar á Landsmótinu 1962

legur fyrir áhrifum í umhverfinu og gildin sem manni voru kennd hafa líklegast verið innprentuð þar fyrir lífstíð. Þarna léku leiðbeinendurnir stórt hlutverk í því að kenna okkur að vinna saman og hjálpast að. Í stað samkeppni var manni kennd mikilvægi samstöðu, að það væri auðveldara að róa með fólki en á móti. Þessi hugsun hefur áreiðanlega haft áhrif á mann til frambúðar.“

Ásthildur segir að í minningunni hafi skátastarfið verið afskaplega þroskandi og skemmtilegt. „Það var ákveðinn agi sem var innleiddur með svo skemmtilegum og góðum hætti. Við hlýddum ekki vegna ótta við foringjana eða refsingu, heldur var það eðlilegur partur af skátalífinu að fara eftir reglum. Það var sjálfsgöð virðing fyrir skátasystkinunum og foringjunum. Þessi lærdómur hefur verið veganesti í gegnum lífið. Þarna var manni kennt með áhrifaríkum hætti að bera virðingu fyrir sjálfum sér og náunganum, bera umhyggju fyrir umhverfinu sem maður lifir í. Þetta var tími mikilla framfara í bæði þroska og sjálfstæði - og svo skemmtilegur í þokkabót.“

Síðan þau systkinin voru í skátunum er liðin hálf öld, en tíminn hefur ekki bitið á þeim græðlingum sem innan skátastarfsins spruttu í lífi þeirra beggja. Gildin sem starfið mótaði hafa verið þeim veganesti um langa tíð, eins og hjá svo mörgum skátum. Árin innan skátanna voru þeim dýrmæt og halda verðmæti sínu sem kær minning.

Viðtal við Elvu Jónatansdóttur:

# Gæfan að kunna gítargrip

**Við lok áttunda áratugs síðustu aldar var skátastarfið í Mosfellssveit lítið meira en skuggi fortíðar. Ekkert skipulagt starf var í gangi og hafði í raun legið í dvala í um 15 ár, eða allt þar til Gunnar Atlason kemur í heimsókn í Gagnfræðaskóla Mosfellssveitar til að kynna skátastarfið fyrir nemandum. Þar var honum vel tekið og úr varð að Dróttskátasveit var sett á laggirnar, skipuð tíu stúlkum sem sáu skátastarfið sem vænlegan kost í félagsstarfi sveitarinnar. Árið var 1979.**



Elva Jónatansdóttir

Ein þeirra var Elva Jónatansdóttir. Fjórtnán ára fluttist hún í Mosfellssveit úr Laugarnesi þar sem hún hafði kynnst starfi Dalbúa árunum áður. Flutningurinn gekk að mestu áfallalaust fyrir sig en viðbrigðin voru talsverð að fara úr bæ í sveit þar sem fátt var um afþreyingu fyrir börn og unglina. „Sjoppa gegndi hlutverki félagsmiðstöðvar á þessum tíma. Þar hittumst við unglingsmenn til að kjafta saman og finna út hvort einhver partí væru í gangi, og þá hvar.“ Skátastarfið var því hvalreki á fjörur félagslyndra unglina á þessum tíma, þótt það höfðu aðallega verið stúlkur sem bitu á agnið hjá Gunnari fyrst um sinn.

## Fjörugar skátastelpur

„Ég held að megin ástæðan fyrir því að þetta fór vel af stað var sú að við vorum allar vinkonur fyrir,“ segir Elva. „Þessi vinkvennahópur styrktist með skátastarfinu og er ennþá til í dag, en nú í formi saumaklúbbs. Aðalmarkmiðið með því að gerast skáti á þeim tíma var að einfaldlega að gera eitthvað skemmtilegt. Það markmið hefur ekkert breyst

hjá okkur vinkonunum í gegnum tíðina, enda er alltaf fjör þegar við hittumst.“

„Við vorum í miklu sambandi við skátana í Reykjavík. Til dæmis hittumst við alltaf á sunnudagskvöldum niðri á Skalla og fórum í bíó. Þar viðgekkst okkar dæmigerði skátahúmor, sem varð kannski öðrum gestum síður ánægjuefni. Í miðri mynd byrjaði kannski einhver okkar að kalla allskonar skátahróp í stað þess að hlægja eða klappa. Melónuhrópið var eitt það sem maður man eftir, bæði stóra og litla melónan.“

Í skátastarfinu þessi árin var mikið farið í útilegur og ferðalög. Úlfliótsvatn var oft heimsótt um helgar en svo var líka farið á aðra staði. „Þetta voru alltaf svo ofboðslega skemmtilegar útilegur, allir svo hressir og einkenndust af söng, sameiningu og gleði. Ég man til dæmis eftir ofsalega skemmtilegu skátamóti í Viðey sem við fórum á. Þar voru skátar frá öllu landinu að því er ég held og gleðin allsráðandi. Það var allskyns fíflangangur sem viðgekkst innan hópsins





sem líklegast fáir utan hans kynnu að meta, til dæmis eins og þegar heyrðist í flugvél var kallað „Færeyingar!“ og allir hentu sér flatir á jörðina. Svo á skátamóti á Akureyri var þemað að nudda axlirnar á hvert öðru. Með því var áreiðanlega margur ísinn brotinn í samskiptum milli krakkanna. Svona minningar festast í manni öðru fremur einhverra hluta vegna.“

## Ung með ábyrgð

Aðeins átján ára að aldri var Elva orðinn skátaforingi, með allri þeirri ábyrgð sem fylgdi því hlutverki. „Ég held að aðal styrkleiki minn hafi verið sá að ég kunni á gítar og gat sungið. En svo er ég líka steingeit og fór út í kennarann seinna meir svo líklega er það einhvert eðli í mér,“ segir Elva aðspurð um hvers vegna hún hafi tekið þetta hlutverk að sér. Þrátt fyrir ungan aldur vílaði hún og vinkonurnar það ekki fyrir sér að fara í helgar-útilegur með tuttugu krakka, bæði Ljósálfa og Ylfinga, elda ofan í þá og sinna með margvíslegum hætti. „Á þessum tíma var þetta ekkert tiltökumál, en þegar maður hugsar til baka furðar maður sig á því að manni hafi verið treyst fyrir börnunum. Ætli þetta myndi nokkuð ganga í dag?“

Í skátatíð Elvu var aðstaða hópanna fyrst um sinn í Varmárskóla. Svo kom að því 1982 að Elva og Óskar Ingi Sigurðsson, sem þá var nýgenginn til liðs við skátana í Mosó, fóru á fund sveitarstjórnar og fengu vilyrði fyrir aðstöðu í kjallaranum á Brúarlandi. Sú uppákoma varð þess síðan valdandi að

þau ákváðu að þjálfa sig frekar í ræðumennsku og gengu í JC hreyfinguna. Það var þó ekki það eina góða sem kom úr skátastarfi Elvu. Góður liðsauki barst þeim árið 1983, þegar Elva vígði Kristján Kristjánsson í Lágafellskirkju 1983 við mikla athöfn.

„Það leið ekki á löngu þar til við Kristján urðum par og giftum okkur árið 1985. Fljótlega kom fyrsta barnið undir og þá tók Óskar Ingi við að leiða skátastarfið,“ segir Elva sem á nú orðið fjögur börn og tvö barnabörn með Kristjáni. Kristján og Elva voru ekki eina parið sem myndaðist á þessum árum, heldur var það einnig vinkona Elvu sem fann sinn mann innan hópsins. Enn þann dag í dag er stærsti hluti hópsins í góðu sambandi og hittist reglulega.

## Vinskapur fyrir lífstíð

„Í minningunni lít ég til þessara ára minna sem skáti sem alveg ofboðslega skemmtilegs tíma, alveg æðislegs tímabils í lífinu. Þarna kynnist ég mínum vinkonum sem ég á enn í dag og Mosfellssveitin er staðurinn sem maður kennir sig við. Það var svo yndilegt að vera úti við og njóta samvista við skemmtilegt fólk. Þetta kenndi manni til dæmis að það var vel hægt að skemmta sér án áfengis og hefur sú lexía kannski einna helst sítíð eftir í manni, ásamt þessari samkennd og samvinnu sem einkennir skátana. Það krafðist einskis annars að maður væri frjór, gæfi af sér og hefði gaman að lífinu. Ef það væri ekki annað held ég að það séu lífsgildin sem allir ættu að tileinka sér.“

## Viðtal við Andrés Þórarinsson og Ástu Björnsdóttur:

Fyrir um tuttugu árum síðan áttu hjónin Andrés Þórarinsson og Ásta Björnsdóttir frumkvæðið að því að endurvakið skátafélag Mosverja varð að veruleika. Endur-reisn félagsins var ekki bara einn, sérstæður viðburður heldur varð þetta að ánægjulegu verkefni sem entist þeim í heilan áratug.

„Ætli við séum ekki sammála um að þetta sé allt Halldóri, syni okkar að þakka,“ segir Andrés um hvernig það atvikaðist að þau hjónin endurvöktu skátafélag Mosverja árið 1993. „Þá var Halldór 10 ára gamall og vildi fá skátastarf hingað í bæinn. Ég ætlaði nú bara að hafa þetta í bílskúrnum, en eitt leiddi af öðru og fjöldinn allur af krökkum sótti um að komast í félagið.“

Þau rífa upp fyrstu skrefin í endurreisninni og telja upp nokkra sem hvers aðkoma að verkefninu skipti verulegu máli, aðila eins og Svölu Árnadóttur, þáverandi formanns tómsundaræðs bæjarins. Fyrir hennar tilstilli fengu þau aðstöðu í færanlegri kennslustofu í barnaskólanum og byrjuðu þar með tvo flokka, einn fyrir hvort kynið. Hálfán Ágústsson (Dáni) leiddi strákaflokkinn og stelpuflokkurinn var undir umsjón Sonju Kjartansdóttur. „Þetta gekk vonum frammar,“ segir Andrés. „Það er eftirminnanlegt hversu margir voru á stofnfundinum, bæði foreldrar og börn,“ segir Ásta. „Guðmundur Pálsson kom með gítarinn og hélt uppi fjörinu í stappfullri stofunni. Strax var grundvöllurinn lagður að góðu fjöri í frábæru samfélagi og áhersla lögð á útiveru, meðferð íslenska fánans og samveru - frekar klassísku skátastarfi. Við höldum uppi því sem við höfðum lært í skátunum á okkar yngri árum og fannst það gefast vel að nota gömlu trikkinn sem við ólumst upp við.“



Ásta var fyrst skáti í Garðbúum og Andrés hafði byrjað sjö ára gamall í skátunum í gamla skátaheimilinu við Snorrabraut, þá sem Birkibeini sem síðar urðu Dalbúar. Bæði höfðu þau því reynt af skátastarfi og alist upp innan hreyfingarinnar.

Andrés Þórarinnsson og Ásta Björnsdóttir

„Þetta var því ekkert framandi fyrir okkur, við þekktum starfið til hlítar,” segir Ásta og kemur að grundvallar ástæðu þess að endurvakning skátastarfsins í Mosó var þeim ljúf skylda. „Þetta var svona ‚Pay it forward‘ að því er ég held. Við höfðum upplifað þennan skátaanda og þetta var leið til að miðla þessu til næstu kynslóðar.” Andrés tekur undir og bætir því við að áreiðanlega hefðu þau getað notað tímann í annað, eins og golf eða hestamennsku. „En þessum tíma sér maður ekki eftir og þegar maður horfir um öxl hefur þessum tíma verið mjög vel varið.”

„Það varð okkur og félaginu til mikils léttis að fá frábæra foreldra með okkur í gjaldkerastöðu félagsins. Fyrst með Margéti Kristjánsdóttur, svo Elísabet Guðmundsdóttir, síðan Laufey Jóhannsdóttir og Elísabet Ólafsdóttir að lokum. Við hefðum vart getað hugsað okkur betra fólk í þetta starf, allt saman pottþétt fólk sem hafði ekki verið skátar, heldur gengu í félagið vegna barna sinna. Það skiptir svo miklu máli að þurfa ekki að hafa áhyggjur af peningamálunum.”

„Eftir þennan vetur í kennslustofunni fengum við svo húsið hans Gísla á Vatni sem þá var látinn, þínkultíð hús sem varð fínasta aðstaða fyrir okkur og entist í nokkur ár. Bærinn borgaði hita og rafmagn og foreldrar hjálpuðust að við að dytta að húsinu, til dæmis við að stinga stálull í göt á húsinu til að verja það músagangi.”

Ásta segir Mosverja ávallt hafa notið mikils velvilja bæjarsamfélagsins, foreldra og svo líka skógræktarfélagins við Hafravatn. Aldrei komu þau að lokuðum dyrum. „Við fengum starfsstyrk frá bænum og fengum lánuð útileguborð, stóla og ferðatjöld frá Halldóri Bjarnasyni, en



# Ævintýr og endurreisn

dóttir hans var með okkur á þessum tíma. Foreldrar studdu mjög vel við starfið, eins og til dæmis með því að þrifa húsið, en það var ein mamma sem bauðst til þess og gerði um langa tíð. Það munaði verulega um þessa aðstoð foreldranna, ekki bara þarna, heldur líka á skátamótum, við matseld og tiltekt.” „Það skiptir virkilega miklu máli að hafa matinn á réttum tíma,” bætir Andrés. Þessi aðkoma reynist vera hin ágætasta leið til að gefa foreldrum innsýn inn í skátastarfið og upplifa börnin sín í öðruvísi umhverfi en heima við.

En hvernig ætli það sé fyrir hjón að standa saman að starfi sem þessu? „Það er ekkert öðruvísi en aðra daga, því við vinnum saman alla daga,” segir Ásta og bætir við í gríni: „Ég ræð og hann

framkvæmir!” Andrés tekur undir þetta að hluta. „Ég sá um auðveldari þættina, að fara í útilegur og svona, en hún sem sá um þetta praktíska, skipuleggja ferðir, sjá um foreldrastarfið og fleira. Svona samstarf byggist á ákveðinni verkaskiptingu og samheldni.”

## Óvænt ánægja

Ekki er hægt að segja að starfið hafi alltaf gengið áreynslulaust fyrir sig. Ásta rifjar það upp og segir: „Eitt mótið var til dæmis fátt um fólk til aðstoðar við að ganga frá tjaldbúðum og þar að auki hafði rignt mikið um nóttina svo allt dótíð var rennandi blautt og erfitt viðureignar. Þannig var að eftir sex ára starf fannst okkur þetta vera orðið ágætt og hugleiddum að draga okkur í hlé.





Mosverjar á skátamóti í Færeyjum árið 2002

Þá um haustið býður vinur okkar, hann Atli Smári, okkur hjónunum í mat. Hann bauðst til að sækja okkur þá um kvöldið og gerir það. Á leiðinni segist hann þurfa að sækja forréttinn til hans Vignis niðri Hlíðagarði og biður okkur um að koma inn með sér til að halda á forréttinum með sér. Jújú segjum við bara og göngum inn með honum en fannst skrytið að hann skyldi vilja ganga í gegnum salinn til að fara inn í eldhúsið, því það var greinilegt að það var eitthvað af fólki þarna inni.

Við vorum búin að ganga hálf leiðina í gegnum salinn áður en við föttuðum hvað væri í gangi. Þarna var fullt hús af fólki samankomið til að þakka okkur fyrir starfið. Þetta kom okkur svo svakalega á óvart að við áttum vart til orð. Ég fæ enn gæsa húð af tilhugsuninni, okkur þótti svo vænt um þetta framtak og því þakklæti sem við fundum fyrir þetta kvöld.

Af svip hjónanna má ráða að þessi óvænti viðburður verður lengi í minnum og hávegum hafður. Enda hættu þau við að hætta.

## Félagskapur þróast

Stór þáttur skátastarfsins er að sjálf-sögðu útivera og samvera. Andrés metur það sem svo að tilgangurinn með öllu skátastarfinu kristallast í kvöldvökunum.

„Þar kemur svo margt saman; gleði, söngur, samkennd og samhugur,“ segir

Andrés. Ásta bætir við þeirri upplifun eldri skáta að koma að kvöldvökum eða skátavígslum, þar endurupplifa þeir ungdómsárin með söng og fjöri sem einkenni tímana með sínum skátasystkinum og komast í gamla góða gírinn.

Þrátt fyrir fastheldni á gömul og góð gildi hefur skátastarfið óneitanlega þróast í gegnum tímans rás. Það er í takt við samfélagið í heild sinni, það mótar tíðarandann sem aftur mótar félagsstarf. Til að mynda er kominn betri búnaður til útivista og bættari samskiptatækni.

„Það er líklegast minna frelsi til athafna nú til dags,“ segir Ásta og skýrir mat sitt með meiri meðvitund foreldra um athafnir barna sinna. „Hér áður fyrr voru börn meira sjálfala. Það ríkti ákveðið traust, börnin fóru út að leika sér og skiluðu sér heim við kvöldmatarleytið.“ Nú er öldin önnur að þeirra mati, börnin fara vart í raun að heiman lengur því farsíminn er alltaf við höndina. „Við tókum fyrir það á okkar síðasta landsmóti að krakkar tækju með sér farsíma eða leikjatölvur. Ég held að það myndi ekki ganga í dag,“ segir Andrés. „Það var þó alltaf hægt að hringja í okkur, ef nauðsyn bæri til.“

Það sem breytist þó ekki er sá boðskapur sem skátum er vel kunnur. „Það er þessi siðferðilegi boðskapur sem gildir, þótt hann verði sífelld óalgengari í samfélaginu, eins og fyrsta regla skátanna um að segja alltaf satt. Það er miður að sjá þess ekki víðar stað í þjóðfélaginu.“

## Samvinna í allra þágu

Það er greinilegt að samvinna er þeim hjónum eðlileg og góð. Þau hafa líka gert í því að eiga gott samstarf við alla hagsmunaaðila, hvort heldur innan skáta-

félagsins eða utan.

„Það hefur skipt gríðarmiklu máli að eiga í svona góðu samstarfi við bæjarstjórnina,“ segir Ásta. „Í því hefur pólitíkin aldrei skipt máli, heldur velvilji fólks til að koma góðu til leiðar. Þann stuðning erum við afskaplega þakklát fyrir. Stuðningur bæjarins var notaður til að greiða niður ferðakostnað og til að kaupa áhöld og tæki. Að þurfa ekki að standa í einhverjum peningavandræðum skipti hreinlega sköpum fyrir félagið. Ég held líka að bæjarsamfélagið hafi séð góðan árangur af þessum stuðningi, til að mynda með auknum fjölbreytileika í tómsundastarfið hérna. Það eru ekkert allir sem hafa gaman að því að sparka bolta.“ Andrés skýtur inn í og segir að það hafi líka áreiðanlega skipt máli að aldrei hafi verið neitt vesen í kringum skátastarfið, ársreikningar hafi alltaf verið lagðir fram og starfið samkvæmt áætlunum.

„Það er ekkert betra en þegar skátastarf tekst vel til,“ segir Andrés. „En eins og með hvern annan rekstur gildir það að maður verður að passa sitt og aldrei líta af neinu. Fyrir utan það að sinna sínum skyldum er partur af foringjastarfinu að fá aðra til að leggjast á áramnar með sér. Þetta fólk hefur unnið gott starf og af því hafa sprottið margar góðar minningar. Í gegnum skátastarfið hefur maður kynnst svo mörgu góðu fólki og yndislegum krökkum að þegar horft er til baka hefur þetta verið góður tími með fullt af minningum með fólki sem manni þykir vænt um.“

Heimsóknardagur á landsmóti skáta að Úlfjótuvatni 1999. Ásta fyrir miðju í gúmmigalla í félagsskap bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og fleirum







Gunnar og Ævar með sveitarforingjum Mosverja í óvissuferð

Viðtal við Gunnar Atlason og Ævar Aðalsteinsson:

## Svo vex sem til er sáð

**Líkast til er það satt sem sagt er: Einu sinni skáti, ávallt skáti. Uppeldisáhrifa skátastarfsins ber vott löngu eftir að skátar hætta reglulegu starfi sökum aldurs, ásamt góðum minningum lifa gildin góðu lífi. Vinskapur myndast - og jafnvel ástarsambönd - sem endast þar til yfir líkur. Þeir tveir skátáforingjar sem hér er rætt við hitt-ust fyrst árið 1969 við Dalbraut í Laugarnesinu, á skátafundi Dalbúa. Þeir heita Gunnar Atlason og Ævar Aðalsteinsson og voru þá sjö og átta ára gamlir.**

Ein fyrsta minning Gunnars úr skátastarfinu var óneitanlega mótanði. „Ég man vel eftir fyrstu útilegunni uppí Lækjarbotnum, þá tíu ára gamall. Ég var svona ‚töffarinn‘ í sveitinni, í elsta hluta hópsins og setti mitt dót beint í koju sem staðsett var í myrkasta skotinu í húsinu. Þegar líða tók á kvöldið byrjaði foringinn að segja draugasögu sem átti einmitt að hafa gerst í þessari koju sem ég svaf í. Síðan þá hef ég alltaf verið hræddur við myrkrið og hef aldrei sjálfur sagt draugasögur, því ég vil ekki merkja skátann eins og ég var merktur á sínum tíma. En þetta aftraði mér samt ekki frá því að fara í útilegur, því ég passaði mig bara á að fara strax upp og var sofnaður áður en draugasögurnar byrjuðu.“

Eftir að hafa orðið kunnugir öllum hnútum skátastarfsins í Laugarnesi skildu leiðir. Gunnar flutti úr Laugarnesinu í Mosfellssveit og var 18 ára ráðinn sem æskulýðsfulltrúi sveitarinnar. Starfinu skyldi sinnt að hálfu í þágu Aftureldingar,

hinn helmingur tímans átti að fara í aðra, ótilgreina æskulýðsstarfsemi. Skátinn ungi var ekki lengi að ákveða að helga hann endurvakningu skátastarfs í Mosfellssveit og byrjaði á að sækja liðsmenn í krakka sem voru bara fjórum árum yngri en hann sjálfur.

„Ég byrjaði á því að draga bekkjarfélaga bróður míns inn í skátastarfið. Það þurfti auðvitað að gerast á þeirra forsendum, bjóða upp á útilegur og svona. Strax næsta haust bauð ég þeim að verða foringjar með mér í endurvöktu skátafélagi. Það gekk eftir og fengum við fána Mosverja afhentan tæpu hálfu ári síðar.“ Þar með var viðurkenning bæjarfélagsins komin.

Einhverra hluta vegna gekk betur að nalgast stelpurnar í sveitinni þegar Gunnar leitaði eftir krökkum til að hefja starfið með. Tveir strákar og nokkrar stelpur fengust til að taka að sér hlutverk foringja. Foreldrar Gunnars gáfu út





Gunnar á leið á skátamót í Svíþjóð. Skátarnir Magnús og Margeir honum til aðstoðar.

Mosfellspóstinn á þessum tíma og því hæg heimatökin að auglýsa eftir krökkum í skátafélagið. „Tveimur vikum seinna var fyrirsögn á baksíðunni sem hljóðaði: „153 krakkar sóttu um í skátafélagið“ og 130 krakkar byrjuðu í félaginu á stofnfundi endurvakins félags. Á einum degi urðu Mosverjar eitt af tíu stærstu skátafélögum í landinu.“

## Slagkraftur mikilvægur

Að mati Gunnars var þessi slagkraftur frá fyrsta degi gríðarlega mikilvægur svo starfið færi vel af stað. Hann telur sjálfbærni vera lyklatríði í skátastarfinu. „Það tekur tíu ár að búa til góða skátaforingja. Þeir koma ekki utan af götunni heldur eru mótaðir innan starfsins. Hvatinn verður að vera til staðar til þess að þessir tilvonandi foringjar haldist við efnið og það er í raun hlutverk hvernar stjórnar að búa til þessa hvata. Til dæmis var það frábært að hitta 13 ára krakka fyrir nokkrum árum sem voru með það markmið að fara á Jamboree til Japan árið 2015. Þar er hvatinn - markmiðið skýrt. Eins og staðan er í dag eru fullt af efnilegum krökkum þarna innanum sem geta vonandi tekið við keflinu. Það á enginn hálfsextugur karl að vera að fara endalaust í útilegur með krökkum.“

Ævar tekur undir þetta og bætir við: „Sem betur fer eigum við ómetanlegt bakland í samfélaginu sem nýttist til að styrkja og styðja við félagið, svo hægt sé að auka nýliðun og halda uppi góðu starfi. Það má ekki líta fram hjá þeim mikla hvata sem til verður vegna stuðnings bæjarfélagsins. Árangur þess kom vel í ljós eftir að við fengum skátaheimilið árið 2002. Það breytti hreinlega öllu fyrir okkur og varð mikil vítamínsprauta fyrir meðlimafjöldann. Þá gátum við líka farið að bjóða skátastarf fyrir 7-10 ára krakka, svokallaða Drekahöpa. Það skiptir feikna miklu máli að fá fólk á þessum aldri inn í starfið.“

Árið 2002 flytur Gunnar aftur í bæinn og biður Andrés hann um að koma að félaginu sem fulltrúi foreldra. Ævar var þá nýkominn í stjórn félagsins og varð félagsforingur tveimur árum síðar. Ásamt Gunnari og fleira góðu fólki í stjórn var tekið við góðu búi af þeim Andrési og Ástu sem leitt höfðu starfið í áratug. Við endurnýjun vinskaparins sem náði aftur tæpa hálfu öld varð til öflugt tvíeyki til að draga vagninn og efla félagið enn frekar. Að beggja mati hefur hvergi hefur skugga borið á samvinnuna, alltaf nóg að gera og hugmyndaauðgin mikil.

## Uppeldisstöðvar leiðtoga

„Ég vil koma á nokkurskonar fyrirtækjahugsun inn í skátastarfið,“ segir Gunnar og blaðamaður hváir við. Hann útskýrir: „Þrátt fyrir góðan vilja hefur það aldrei gengið eftir að hafa starfsmann á launum við skátastarfið hér því að félagið er enn of lítið til þess og þörfin ekki knýjandi. En til þess að reka gott skátafélag væri gott að hafa starfsmann. Það væri hægt að samnýta þennan starfsmann með nýsköpunarverkefnum innan bæjarfélagsins, til dæmis sem tjaldvörð eða sem upplýsingafulltrúi um ferðamál innan sveitarinnar. Hverjir væru betri til að útskýra þetta fyrir þeim aðrir en reynslumiklir skátar sem lifa og hrærast í gönguferðum og útilegum?“

Ævar og Gunnar eru á því að fá önnur félagsamtök framleiði jafn hæfa leiðtoga á svo ungum aldri sem raun ber vitni innan skátanna. Þar fá unglingar tækifæri til að þroska með sér leiðtoga-hæfileika í sambland við félagshæfni og verkefnastjórnun. „Að vera skátaforingur er staðfesting á að þú hefur sannað þig vera hæfan til að vera leiðtogi og axla ábyrgð,“ segir Ævar og bendir á að ekki séu margir 18 ára krakkar sem eru reiðubúnir og hæfir til að taka hóp af tíu ára krökkum í útilegur og taka ábyrgð á þeim, með öllu sem því fylgir.





„Sem dæmi um mótun leiðtogahæfi-leika þá höfum við undanfarin ár haldið svokallaða Sjö tinda göngu sem krakkar allt niður í 12 ára eru að taka þátt í. Hugmyndin kom upphaflega frá krökkunum sjálfum eftir að Haraldur Örn Ólafsson gekk á sjö hæstu tinda heims, svo krakkarnir lögðu það til að ganga á sjö tinda innan Mosó. Í gegnum tíðina hafa allir þátttakendur klárað verkefnið og innan tímamarka. Að vinna svona afrek byggir upp mikilvægt sjálfstraust. Það er sætur sigur fyrir sjálfstraustið að klára svona krefjandi verkefni,“ segir Ævar. „Þarna verður til samheldni og allir leggjast á eitt við að ná markmiðunum.“

## Alþjóðavæðingin

Ævar er ánægður með hvernig til hefur tekist með tengingu Mosverja við önnur skátafélög, bæði innanlands sem utan.

„Árið 2001 fór ég með Andrési Þórarinsyni á landsmót til Færeyja. Það var lítill en samhentur hópur sem fór þangað og skemmti sér konunglega. Það varð til þess að við fórum að gera meira úr alþjóðastarfinu, bæði með því að sækja mót erlendis og bjóða gestum til Íslands. 2007 héldum íslenskir skátar stórt Rover Way mót á Úlfliótuvatni þar sem 2-3 þúsund manns voru samankomin. Vikunum áður höfðu erlendu gestirnir farið í útilegur vítt og breitt um landið. Þá fann maður hvað þeim fannst sérstakt að koma hingað og upplifa landið með þessum hætti. Þess vegna væri ekkert úr vegi að markaðssetja landið sérstaklega sem skátaland. Það er allt öðruvísi umhverfi hér en það sem fólk á að venjast og gerir Ísland að spennandi áfangastað í augum þessara krakka.“

„Svo eru íslensku skátarnir með aðeins öðruvísi siði og venjur en þeir erlendu,“ segir Ævar. „Það er líka partur af dæminu að kynna það fyrir erlendu skátunum og eins fyrir okkur þegar við förum til útlanda, þá þurfum við að kynnast þeirra venjum. Við erum líklega meira afslappaðri, ekki eins stífir eða strangir á reglum. Til dæmis verða útlendu skátarnir oft á tíðum að passa sig mjög mikið á einhverjum hættum vegna trygginga.“



Ævar með Örvari bróður sínum við hljóðfæraleik á landsmóti skáta 2009

Við gerum hlutina meira spontant, kylum á hlutina og klórum okkur í hausnum yfir öllum þessum reglum þegar við komum út.“

Ævar rifjar upp skemmtileg skátamót sem Mosverjar hafa sótt, til dæmis í Noregi, Svíþjóð, Englandi og Austurríki. „1975 fór ég fyrst á Jamboree mót til Lillehammer í Noregi, 14 ára gamall. Fyrir utan það að þetta var fyrsta utanlandsferðin mín var þetta alveg rosaleg upplifun. Að upplifa hitabylgjuna sem þá gekk yfir, sjá allan þennan skóg, baða sig í vatninu varð allt að miklu ævintýri og minningu sem hverfur aldrei. Svona minningar verða til innan hreyfingarinnar og þykir manni því alltaf vænt um að leyfa öðrum krökkum að upplifa svona líka.“

Fjáröflun er nauðsynleg félaginu til að standa straum af allskonar kostnaði, til dæmis við utanlandsferðir sem eru þá niðurgreiddar að miklu leyti. Sem dæmi um verkefni sem skátarnir hafa tekið að sér í samstarfi við bæinn nefnir Ævar stikun gönguleiða í Mosfellsbæ, Sjö tinda viðavangshlaupið, sumarnámskeið fyrir börn sem hafa notið mikilla vinsælda með síaukinni aðsókn, og aðkoma að skipulagi á útivistarsvæðinu Ævintýragarðinum. Samstarfið við bæjaryfirvöld að þessu leyti er eitthvað sem þeir Gunnar og Ævar kunna vel að meta og telja hafa skipt sköpum fyrir Mosverja.

## Mótandi fyrir lífstíð

Fyrir utan lífstíðar vinskap og jafnvel ástarsambönd sem til verða innan skátahreyfingarinnar, er samfélagið tvímæla-laust mótandi þáttur í lífi flestra skáta. Lífsgildi verða til og þekking myndast - hugsjónin lifir.

„Þetta hefur mótað mig í gegnum allt lífið,“ segir Gunnar. „Þarna síúðust inn gildi eins og hjálpssemi og sannsögli og það tvennt hefur verið mér leiðandi á lífsleiðinni. Svo er það félagsskapurinn og samkenndin sem gríðarmiklu máli skiptir að hafa til staðar. Þótt ég hafi aldrei verið í skátunum fyrir neinn annan en sjálfan mig er það að fá að starfa í þessu með börnunum sínum alveg yndisleg upplifun.“

Ekki er að heyra að þeir félagar telji eftir sér þann mikla tíma sem hefur farið í skátastarfið. „Þetta hefur verið gríðargóð fjárfesting, tími sem maður sér engan veginn eftir,“ segir Ævar. Gunnar tekur í sama streng: „Launin mín eru brosið á krökkunum eftir vel heppnaðan dag eða atburð. Þess vegna nota ég sumarfríð mitt í að fara í útilegur með krökkunum. Það er auðvitað ekkert nema hugsjón.“





Starfsemi skátafélagsins Mosverja og svipmyndir frá starfsárinu 2011 – 2012

## Samhentur foringjahópur, gott samstarf og stuðningur sveitarfélagsins er lykillinn að öflugu skátastarfi í Mosfellsbæ

### Skátaheimilið sprungið

Í gegnum tíðina hefur skátafélagið notað alls konar húsnæði fyrir skátastarfið. Mosfellsbær hefur frá árinu 1993 útvegað og styrkt félagið með húsnæði undir starfseminna. Gamla símstöðin við Brúarland varð skátaheimili Mosverja árið 2001 og var sú ráðstöfun og það heillaspor til þess að efla skátastarfið. Það má segja að skátaheimili sé jafn þýðingarmikið fyrir skátafélag og knattspyrnuvöllur er fyrir knattspyrnufélag.



En nú er svo komið að félagið, sem hefur stækkað og starfsemi þess aukist, er að sprengja utan af sér húsið. Mikil þrengsli og vandræði með stóra hópa er nú orðið eitt af því sem foringjarnir eru að fást við auk þess sem geymslupláss og aðstaða til að þurrka búnað eða vinna grófarí handverk er engin í húsinu.

Stærstu skátaheimilarnar komast ekki lengur fyrir með góðu móti í salnum á efri hæðinni og flokksherbergi á neðri hæð eru orðin geymslur enda full af búnaði og ýmsum hlutum sem þarf að nota. Aukin krafa um eldvarnir og aðgengi fatlaðra er orðin knýjandi auk þess sem hreinlætis- og eldunaraðstaða er auðvitað löngu orðin bæði úr sér gengin og ófullnægandi.

Nýtt skátaheimili er því að verða mjög aðkallandi til að skátastarfið megi eflast og þroskast um ókomna framtíð í stað þess að staðna og fara aftur. Nýjum tímum fylgja nýir síðir og kröfur og skátastarf er ekkert öðruvísi en annað

Skátastarfið gekk vel á starfsárinu enda búið að festa sig í sessi hér í Mosfellsbæ. Starfið er í fyrir fram ákveðnum farvegi, bæði hvað varðar reglulega viðburði sem og skipurit og innra starf félagsins. Hópur samhentra foringja ásamt stjórn félagsins hefur eins og áður unnið frábært starf og staðið fyrir öflugu og uppbyggilegu skátastarfi. Mosverjar hafa líka nú sem fyrr átt gott samstarf við ýmsa einstaklinga, stofnanir og félagasamtök í Mosfellsbæ og er öllum þessum aðilum þakkað fyrir vel unnin störf. Hér fer á eftir stutt umfjöllun um helstu þætti skátastarfsins sem ástæða er að vekja athygli á auk dagbókar félagsins þar sem sagt er frá helstu viðburðum starfseminnar.

frístunda og tómstundastarf. Það er almennt viðurkennt að góð aðstaða og stuðningur sveitarfélaga er oft lykillinn að öflugu starfi á hvaða sviði sem er.







## Útgáfu- og kynningar- mál Mosverja

Mosverjar hafa kynnt starfsemi sína með ýmskonar útgáfu. Heimasíða félagsins er þungamiðjan í upplýsingagjöfni. Slóðin er: [www.mosverjar.is](http://www.mosverjar.is). Þar birtast dagskrár skátasveitanna, frásagnir af starfinu, myndir og margt annað sem þarf að koma á framfæri. Einnig nýta Mosverjar sér facebook - samskiptasíður þar sem skátarnir geta verið í tengslum hver við annan og við foringjana. Bæklingur um skátastarfið er gefinn út á haustin í tengslum við innritun og Útivistarskóli Mosverja gefur út kynningarefni vegna sumarnámskeiða.

Í mörg ár hafa Mosverjar einnig gefið út vandað myndskreytt blað. Blaðinu hefur verið ætlað að segja frá nýliðnu starfsári, helstu viðburðum í skátastarfinu og fræða lesendur um inntak, markmið og leiðir skátasarfsins.

Með tímanum, allri þessari útgáfu og viðleitni til að segja frá því sem skátarnir eru að gera er ekki aðeins verið að kynna starfsemina og Mosverja. Félagið verður vel þekkt meðal bæjarbúa auk þess sem saga þess verður skráð um leið og hlutirnir gerast og það verður líka skýr valkostur barna og unglinga í því frístundastarfi sem boðið er upp á hverju sinni.

## Verkefni fyrir Mosfellsbæ

Með árunum hafa ákveðin verkefni sem unnin eru fyrir og í samvinnu við Mosfellsbæ verið að aukast. Allir vita að skátarnir hafa staðið fyrir skrúðgöngu og starfrækt skátatívoli á sumardaginn fyrsta og 17. júní. En Mosverjar hafa líka unnið að ýmsu öðru. Má þar nefna umsjón og skipulagningu stikaðra gönguleiða, verið ráðgefandi aðilar og unnið að uppsetningu leiktækja í ævintýragarðinum, tekið þátt í árlegu hreinsunarátaki Mosfellsbæjar, verið þátttakendur í bæjarhátíðinni „Í túninu heima“, tekið þátt í þrettándagleðinni, smíðað og sett upp flotbryggjur við Hafravatn, og staðið fyrir 7 tinda utanvegahlaupinu í nokkur ár. Þetta hefur orðið skátastarfinu til góða og bæjarstjórn fengið Mosverjum mikilvægt hlutverk í bæjarlífinu sem skátarnir hafa reynt að standa vel undir. Mosfellsbær er að mörgu leyti heppilegt bæjarfélag til að reka frjáls félagasamtök. Með mikilli fjölgun íbúa hefur allskonar starfsemi vaxið fiskur um hrygg samfélaginu til góða. Sameiginleg verkefni skátafélagsins og bæjarstjórnar er mjög gott dæmi um vel heppnað samstarf sem hefur komið báðum aðilum vel. Vonandi verður áframhald á því eins og kom reyndar fram í yfirlýsingu bæjarstjóra á 50 ára hátíðarfundum Mosverja sem haldinn var á nýliðnu starfsári.



## Styrktarsjóður Mosverja

Mosfellsbær og Skátafélagið Mosverjar hafa í nokkur ár haft sameiginlegan sjóð sem árlega er lögð í ákveðin fjárhæð. Sjóðurinn var stofnaður 2006 og samkvæmt skipulagsskrá skal koma jafnt framlag frá Mosfellsbæ og frá Mosverjum. Sjóðurinn skal sérstaklega styrkja efnilega skáta sem leggja vilja í fjárfrekar skátaferðir eða hyggja á þátttöku í erlendum skátamótum. Einnig skal sjóðurinn styrkja þá skáta sem vilja afla sér þekkingar sem kemur að gagni við skátastarfið Mosverja með þátttöku í námskeiðum. Sjóðurinn hefur á undanförunum árum styrkt fjölda Mosverja til utanferða og hefur hann komið sér vel og hvatt Mosverja til skátadæða á erlendum vettvangi.



## Útilífsskóli Mosverja

Skátafélagið Mosverjar hefur í mörg ár staðið fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn. Námskeiðin hafa verið nefnd Ævintýra- og útilífsnámskeið og verið haldin undir merkjum Útilífsskóla Mosverja.

Stöðug aðsókn hefur verið að námskeiðunum sem hafa haft aðalbækistöðvar sínar í skátaheimilinu. Á starfsárinu voru námskeiðin skipulögð í sex vikur og hafa aldrei komið jafn mörg börn og síðastliðið sumar. Miðað er við að hóparnir séu ekki stærri en 20 – 25 börn. Í nokkrar vikur voru þátttakendur um 30 og með foringjum var hópurinn því kominn hátt í 40 manns.

Það er erfitt að finna fjölmennara skátastarf á starfsárinu enda voru nánast vandræði vegna aðstöðunnar sem er mjög takmörkuð í skátaheimilinu. En allt fór vel og verkefnið eru fjölbreytt og fara sem betur fer aðallega fram utandyra. Börnin fóru með foringjum sínum víða um Mosfellsbæ í vettvangsferðir og einnig til Reykjavíkur til að heimsækja ýmsa spennandi staði. Farið var upp að Hafravatni og bátarnir notaðir mikið auk þess sem ævintýragarðurinn var mikið notaður enda alveg við skátaheimilið. Námskeiðin eru unnin í samvinnu við Íþrótt- og tólmstundaráð Mosfellsbæjar.



## Skátastarf og útivist við Hafravatn



Í mörg ár hafa Mosverjar leitað í auknum mæli upp að Hafravatni þar sem góð aðstaða og umhverfi er til skátastarfa.

Við Hafravatn hafa Mosverjar haft aðgang að skátaskála í mörg ár og notað hann óspart enda einstaklega þægilegt að þurfa ekki að fara lengra.

Það minnir á að búseta í Mosfellsbæ býður uppá frábæran aðgang að óskertri náttúru og óbyggðum svæðum. Vatnið býður líka upp á allskonar útivist. Gaman er að ganga umhverfis það og veiði er í vatninu og því hægt að stunda þar stangveiði. Á góðviðrisdögum er mjög skemmtilegt að sigla á kanó eða kajak eða baða sig. Þó að blási stundum og vatnið breyti um ásjónu þá er líka gaman

að fara um það á gúmmibát, sjóketti eða plastbát með utanborðsmótor.

Að fara í gönguferðir í næsta nágrenni vatnsins eða ganga upp á Hafrafellið er líka mjög skemmtilegt verkefni. Þá fæst útsýn yfir vatnið og til Mosfellsbæjar og höfuðborgarinnar. Á veturna þegar vatnið leggur er hægt að fara á skauta, gönguskíði eða sleða á vatninu. Margir stunda skógrækt umhverfis vatnið og dvelja þar í sumarbústöðum allan ársins hring jafnvel. Einnig má sjá svifdreka-fólk svífa um í nágrenni vatnsins þegar aðstæður leyfa og hjóla- og reiðleiðir eru í nágrenninu. Því er augljóst að svæðið býður uppá marga möguleika til útivistar og Mosverjar vilja og hafa notað sér



Þessa náttúruperlu sem hér er innan bæjarmarkanna. Þar upp frá hafa margir Mosverjar farið í sína fyrstu skála- eða tjaldútilegu og komið heim reynslunni ríkari. Mosverjar horfa björtum augum til framtíðarinnar við Hafravatn. Fyrir utan þá aðstöðu sem nú finnst við Hafravatn eru hugmyndir uppi um að félagið taki þátt í uppbyggingu skátasvæðisins austan við vatnið. Þar eru framkvæmdir hafnar og vonandi mun rísa þar glæsileg miðstöð skátastarfs og útivistar á öllu Hafravatnssvæðinu. Þar tengjast líka stikaðar gönguleiðir Mosfellsbæjar sem opna okkur auðveldar leiðir inn á Mosfellsku alpana sem er rómað gönguland.

## Stikaðar gönguleiðir í Mosfellsbæ

Á starfsárinu var haldið áfram vinnu við stikaðar gönguleiðir í Mosfellsbæ. Þetta verkefni hófst 2009 eftir nokkurra ára undirbúnings- og hugmyndavinnu. Lokið var við að stika gönguleiðirnar sem eru orðnar rúmlega 80 km langar. Haldið var áfram að setja niður vegpresta og girðingastiga á þessar gönguleiðir. Auk þess sem lokið var við að hanna, framleiða og setja upp upplýsingaskilti sem eru orðin 12 að tölu og eru oftast staðsett á bílastæðum við upphaf leiða.



Undirbúningur að brúargerð yfir Seljaldalsá fyrir sunnan Hafravatn hófst og vinna við 12 fræðsluskilti sem fyrirhuguð eru á næsta ári byrjaði líka. Verkefnastjóri var í góðu samstarfi við tæknideild Mosfellsbæjar og þá verktaka sem komu að verkefninu. Skátar í Mosverjum stíkuðu nokkrar leiðir og fóru með efni.

Mosfellsbær hefur þegar unnið sér nokkurn sess sem heilsueflandi bæjarfélag. Stíkuðu gönguleiðirnar ásamt góðu göngustigakerfi í þéttbýlinu hefur auðveldað almenningi aðgang að fallegu umhverfi og frábærum útivistarsvæðum umhverfis Mosfellsbæ. Skátafélagið Mosverjar vill og hefur reynt að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að svo megi verða með ráðgjöf, hugmyndavinnu og samstarfi við bæjarstjórn. Stór þáttur skátastarfs Mosverja er útivist og allskonar verkefni tengd henni. Með bættri aðstöðu og aukinni þátttöku verður útivist, hreyfing og útivera smá saman jafn sjálfsgæður þáttur daglegs lífs og margt annað sem fólk stundar. Þar vilja Mosverjar vera í fararbroddi skátafélaga á landsvísu og ásamt öðrum aðilum innan sveitarfélagsins auka og efla aðstöðu og aðgengi almennings. Mosfellsbær hefur verið að feta sig þessar slóðir á undanförunum árum og á alla möguleika á að vera í forystu hvað varðar hollar og góðar lífsvenjur þar sem hreyfing og útivera skipa stóran þátt.



## 7 tinda hlaupið 2012

Erfiðasta utanvegahlaup á Íslandi hefur verið haldið í Mosfellsbæ síðan 2009. Þá var fyrst hlaupið þann 13. júní það ár og vakti hlaupið strax athygli. Hlaupnir eru 37 km um 7 tinda eða 35 km um 5 tinda. Góð þátttaka íslenskra langhlaupara og ný nálgun í viðavangshlaupi varð til þess að hlaupið heppnaðist strax vel. Hlaupið var hugmynd Mosverja sem fæðst hafði eftir velheppnaðar 7 tinda göngur sem farnar höfðu verið í nokkur ár til fjárfli-

unar. Til samstarfs komu Björgunar-sveitin Kyndill og Mosfellsbær sem gaf verðlaunin. Mikil vinna var við undirbúning og merkingu hlaupaleiða sem undirbúningsnefnd 7 tinda hlaupsins hefur séð um auk útgáfu korta og bæklinga sem dreift var á líkamsræktarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Margir sjálfbodaliðar og félagar Mosverja og Kyndils hafa síðan komið til starfa á hlaupadaginn auk þess sem sundlaugin í Mosfellsbæ hefur verið opin fyrir þátttakendur.





# Dagbók Mosverja 2011

## Ágúst

### 21. ágúst - Óvissuferð

Óvissuferð sveitarfóringja og stjórnar Mosverja var farin út á sundin blá. Þar var bæði farið á kajak og þotið á 100 km hraða á stórum slöngubát. Kvöldið endaði svo með grillveislu uppi við Elliðavatn í frábæru veðri. Þetta var góð byrjun á starfsárinu og allir fóru glaðir heim.



### 27. – 28. ágúst - Í túninu heima – bæjarhátíð Mosfellsbæjar

Mosverjar tóku þátt í henni á svipaðan hátt og áður. Starfrækt var kakósala við varðeldinn og Mosverjar voru með sýningarbás á frístundasýningunni í íþróttahúsinu.



## September

### 1. september - Kynningarfundur

Kynningarfundur um skátastarfið var haldinn í skátaheimilinu. Þar gafst tilvonandi skátum og foreldrum þeirra tækifæri til að fræðast í máli og myndum um hvað skátastarf snýst, skipulag félagsins og fundartíma skátasveitanna. Þar kom fram að skátafundir eru alla virka daga nema föstudaga og útilegur og dagsferðir skipulagðar um helgar. Fundurinn var vel sóttur, tókst vel og markaði upphaf starfsársins.

## Október

### 11. október - Foreldrafundur

Foreldrafundur var haldinn í skátaheimilinu. Um 50 manns mættu á fundinn þar sem sagt var frá starfi skátasveitanna, foringjar kynntu sig og sögðu frá helstu áherslum í starfi sveitanna. Dagskrá félagsins á starfsárinu var kynnt og foreldrar hvattir til að fylgjast vel með og taka þátt í þeim viðburðum sem boðið yrði til. Þá var einnig kynning á landsmóti skáta sem áætlað var í júlí 2012. Undirbúningur að þátttöku Mosverja var ræddur og fararstjórn sagði frá helstu áhersluatriðum. Fundinum lauk svo á almennu spjalli með kaffi- og tedrykkju.



### 22. október - Skátadagur

Skátadagur Mosverja var haldinn við skátaheimilið. Dagskráin var hugsuð til að skemmta og kynna skátastarfið fyrir nýjum Mosverjum, foreldrum þeirra og fjölskyldum og byrjaði kl. 13.00. Hún byggðist á nokkrum póstum þar sem þátttakendur fóru á milli og leystu ýmsar þrautir eða lærðu eitthvað hagnýtt sem skátarnir gera. Síðan voru grillaðar pylsur og kveiktur eldur við kátan skátasöng.





## Nóvember

### 4. – 6. nóvember - Bland í poka

Bland í poka er skátaviðburður fyrir drótt- rekka- og roverskáta sem haldinn var að Laugum í Sælingsdal. Mosverjar tóku þátt í þessari vel heppnuðu dagskrá ásamt fjölda annarra skáta af öllu landinu. Gist var í gamla héraðsskólanum og sundlaugin og heiti potturinn notaður mikið.

### 11. – 13. nóvember - Félagsútilega

Árleg félagsútilega Mosverja var haldin á Úlfjótuvatni. Fálka- drótt- rekka- og róverskátar ásamt foringjum héldu af stað á föstudagskvöldi. Drekaskátar komu síðan í dagsferð á laugar- dagsmorgni. Að þessu sinni var þemað „þúsund og ein nótt“ og tileinkuð hinu óvenju efnilega ungmenni Alladin. Margir mættu með brugðin sverð og í arabíufötum. Stór hluti Mosverja mætti í útileguna auk fjölmargra foreldra sem aðstoðuðu við dagskrá og unnu í eldhúsinu. Útilegan er einn stærsti viðburður starfsársins þar sem margir leggja hönd á plóginn enda tókst hún mjög vel.

### 15. nóvember - Landsmótsfundur

Haldin var undirbúningsfundur vegna þátttöku Mosverja í Landsmóti skáta á sumri komanda. Fararstjórn Mosverja hafði veg og vanda að fundinum auk þess sem aðili frá mótsstjórn sýndi myndir og kynningarefni vegna mótsins. Mótsgjaldið (49.000), greiðsluáætlun og skipulag mótsins var kynnt auk þess sem fjáröflun fyrir mótið var rædd. Dagskrá mótsins er sniðin fyrir fálka- og dróttskáta. Rekkaskátar geta starfað sem starfsmenn og tekið þátt í dagskrá starfsmannabúða. Mikill áhugi var hjá Mosverjum að taka þátt í mótinu og stefndi í svipaða þátttöku og á undanförunum landsmótum.

## Desember

### 14. desember - Ratleikur og jólafundur

Ratleikur og jólafundur Mosverja var haldinn í sal Krikaskóla. Skátafélagið hefur hin síðari ár þurft að fara með alla stærri fundi úr skátaheimilinu og í ýmsa sali í Mosfellsbæ. Nú var öllum skátum og foreldrum þeirra boðið og voru á annað hundrað manns mættir á þennan jólaskátafund. Fyrir fundinn var hafður innanbæjar ratleikur sem rekkaskátar skipulögðu en fálka- og dróttskátar tóku þátt í. Síðan hófst fundurinn þegar drekkaskátarnir höfðu blandað sér í hópinn. Eftir skemmtilega dagskrá með söng, verðlaunaafhendingum og skemmtiatriðum var boðið uppá heitt skátakakó ásamt skátakexi.







# Dagbók Mosverja 2012

## Afmælisár

### Janúar

#### 16. janúar - Þrettándinn

Þrettándinn var haldinn hátíðlegur í Mosfellsbæ og jólin kvödd sem fyrr. Mosverjar stjórnðu blysför með trommuslætti rek-kaskáta eins og oft áður. Gengið var frá bæjartorginu og niður að brennuni við Leiruvoginn. Margt fólk kom í gönguna og enn fleiri voru við brennuna.



### Febrúar

#### 22. febrúar - afmælisdagur Baden Powell

Dagur Baden Powell stofnanda skátahreyfingarinnar var haldinn hátíðlegur í Hlégarði. Að þessu sinni var 50 ára afmæli Mosverja fagnað og starfsemi félagsins minnst á ýmsan hátt.

Margt góðra gesta var á fundinum m.a. skátahöfðingi Íslands, Bragi Björnsson, sem flutti Mosverjum áraðaróskir í tilefni afmælisins. Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar hélt ræðu, afhenti Mosverjum gjöf frá bæjarstjórn auk þess að segja frá og skrifa undir tímamótasamning um samstarf skátafélagsins og Mosfellsbæjar. Í honum er litið fram á veginn og sammælt um margháttða starfsemi og samvinnu á sviði æskulýðsmála.

Mosfellsbæ var þakkaður áralangur stuðningur með því að veita bæjarstjóra þjónustumerki Bandalags íslenskra skáta. Þá fengu fjölmargir Mosverjar starfsaldursviðurkenningu og mikið var sungið og sagt frá ýmsu sem á dagana hefur drifið í 50 ára skátastarfi.

Á þriðja hundrað manns voru á fundinum: skátarnir, foreldrar þeirra, ýmsir boðsgestir og gamlir Mosverjar. Að lokum var drukkið kaffi og bragðað á óvenju glæsilegum veitingum.



## Mars

### 8. mars - Aðalfundur Mosverja

Boðað var til aðalfundar skátafélagsins 2012. Atkvæðisrétt hafa samkvæmt lögum félagsins allir fullgildir félagar 16 ára og eldri auk forráðamanna fullgildra félaga sem eru 15 ára og yngri. Dagskráin var samkvæmt lögum og fór vel fram undir styrki stjórn fundarstjóra. Ný stjórn var kjörin og tók Ævar Aðalsteins-son við embætti félagsforingja. Gunnari Atlasyni sem verið hafði félagsforingi síðastliðin tvö ár var þakkað gott starf í þágu félagsins.



### 9. – 11. mars - Hrollur

Ævintýrakeppnin Hrollur var haldin fyrir dróttskáta. Keppnin fór fram sem jafnan áður umhverfis Hafravatn og þar í nágrenninu. Nokkur lið kepptu að þessu sinni og skátarnir létu leiðinlegt veður ekkert hafa áhrif á sig. Eftir að komið var í skála á föstudagskvöldi hófst undirbúningur og skipulagning fyrir sjálfan keppnisdaginn. Síðan var lagt af stað eldsnemma á laugardagsmorgni og keppninni lauk svo síðdegis. Þó var eftir kvöldvaka og hin víðfræga sleikjukeppni sem er ómissandi hluti dagskrárinnar á Hrolli.

Að þessu sinni urðu hlutskarpastir lið með þeim Ísaki Árna Eiríksyni og Atla Frey Gylfasyni auk Jóns Guðnasonar úr Hraunbúum. Allir stóðu sig vel í illviðrinu og er þökkun drengileg keppni auk þess sem skipuleggjendur keppinnar eiga líka hrós skilið fyrir góða vinnu og undirbúning. Stefnan er nú tekin á Hroll 2013 þar sem munu mætast stálin stinn.

## Apríl

### 13. – 15. apríl - Ds. Vitleysa

Dróttskátamótið Ds. Vitleysa var haldið á vegum BÍS. Þetta var göngu og flokkakeppni þar sem áhersla var lögð á útvist. Flokkarnir sem þátt tóku áttu að safna sem flestum stigum á fyrirfram ákveðinni gönguleið með því að leysa verkefni á mörgum póstum. Í hverjum flokki voru fjórir til sex skátar og hægt var að næla sér í aukastig með því að sofa í tjaldi. Gönguleiðin var í nágrenni Mosfellsbæjar, frá skátaskálanum Þristi sem er undir

Móskarðshnjúkum og yfir í Heiðmörk. Mosverjar voru meðal þátttakenda og stóðu sig vel enda nýbúinir að hita sig upp með Hrollkeppninni við Hafravatn.





## 19. apríl - Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var haldinn sem fyrr í umsjón Mosverja. Dagurinn var hluti af 25 ára afmæli Mosfellsbæjar og því var settur meiri kraftur í dagskrána og allan undirbúning. Mosverjar stjórnðu skróðgöngu frá bæjartorginu að Lágafellsskóla og þar var síðan skátatívoli, veitingasala og skemmtiatriði bæði úti og inni. Dagurinn tókst mjög vel að þessu sinni enda einstök veðurlíða þennan dag.

**SUMARDAGURINN  
FYRSTI 19. APRÍL 2012**  
Skróðganga frá Miðbæjartorginu  
Leiktæki og skemmtilagrá í Lágafellsskóla

**DAGSKRÁ:**  
kl: 13.00  
Skróðganga frá Miðbæjartorginu að Lágafellsskóla

kl: 13.30  
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti skróðgöngunni með lúðrablastri  
Leiktæki, þrautir og hoppukastalar við Lágafellsskóla  
Sjoppa og pylsvagn  
Kaffisala og kokuborð í sal skólans  
Sirkus Íslands mætur á svæðið

**MOSFELLINGAR!**  
FJÖLMENNUM OG FÖGNUM SUMRI

MOSFELLSBÆJ 125 ÁR  
1887-2012

## Maí

### 12. maí - Göngudagur fjölskyldunnar – skemmtileg útivera

Í tilefni af 50 ára afmæli Mosverja bauð skátafélagið öllum bæjarbúum til gönguferðar og útivistar þennan dag. Fyrst var gengið undir leiðsögn fararstjóra stikaða 5 km gönguleið frá Suður-Reykjum upp að Borgarvatni og áfram niður að Hafravatni. Þar voru Mosverjar búnir að kynda grill og sjósetja báta og gat göngufólk og gestir gætt sér á pylsum og farið í siglingu um Hafravatn. Fjöldmargir bæjarbúar komu á þennan viðburð og uppgötvuðu skemmtilega gönguleið og nutu útivistar í góðum félagskap fram eftir degi.



## Júní

### 2. – 3 júní - Drekaskátamót

Drekaskátamót var haldið á vegum BÍL. Farið var austur á Úlfjótvatn og eins og venjulega var þar mikið fjör og margt um að vera. Meðal þess sem var á dagskrá var að síga og klifra í turninum, sigla á vatninu, busla í vatnasafarí, fara í spennandi ratleiki, syngja á kvöldvöku og kynnst skátum úr öðrum skátafélögum. 25 drekaskátar úr Mosverjum fóru ásamt sex ofurdrekum sem voru foringjar.

### 9. júní - 7 tinda hlaupið 2012

Í fjórða sinn var þetta erfiða utanvegahlaup haldið. Hlaupið var um fjöll, heiðar og dali Mosfellsbæjar og gátu hlauparar valið á milli þriggja vegalengda: 7 tinda, 37 km; 5 tinda; 35 km; 3 tinda; 19 km og 1 tinda; 12 km. Einnig var boðið upp á göngu samhliða hlaupinu. Samstarfsaðilar Mosverja í þessu hlaupi eru Björgunarsveitin Kyndill og Mosfellsbær auk þess sem hlaupið var hluti af landsmóti UMFÍ 50+ Fjöldi hlaupara hefur verið mestur um 120 manns árið 2011 en var heldur færri í ár. Um 100 hlauparar mættu á ráslínuna á Varmárvelli.







### 17. júní - Hátíðarhöld

Skátafélagið kom að skipulagningu og framkvæmd hátíðahalda í Mosfellsbæ eins og oft áður. Eftir hátíðarmessu í Lágafellskirkju þar sem skátar stóðu heiðursvörð var skrúðganga frá bæjartorginu að Hlégarði. Þar var síðan starfrækt hið vandaða skátatívoli Mosverja sem nú var óvenju fjölsótt enda einstök veðurblíða þennan dag. Mosverjar ráku líka sjoppu sem seldi kalda drykki, sælgæti, blöðrur og candy-flossið vinsæla. (auglýsing)

### 11. júní – 30. júlí - Ævintýra- og útilífsskólinn

Ævintýra- og útivistarskóli Mosverja var haldinn eins og undanfarin ár. Skólinn er í námskeiðsformi sem er ein vika í senn með fjölbreyttri dagskrá og mikilli útivist. Má þar nefna að elda og baka við opinn eld, tálga og læra hnúta, byggja úr spírum, hjólaferðir, fjöruferð, sundferð, ratleik og siglingar á Hafravatni. Allt eitthvað sem skátarnir gera og hressum krökkum finnst spennandi viðfangsefni. Námskeiðin voru fyrir börn á aldrinum sjö til tíu ára og stóðu í sex vikur frá 11. júní til 30. júlí. Unglingar frá vinnuskóla Mosfellsbæjar unnu við námskeiðin en Embla Rún Gunnarsdóttir starfsmaður Mosverja var forstöðumaður námskeiðanna s.l. sumar.

Júlí

20. – 29. júlí



# Landsmót skáta 2012

Á aldarafmæli íslensku skátahreyfingarinnar var 23 landsmót skáta haldið á Úlfliótsvatni. Ágæt þátttaka Mosverja, um 35 manns, var á mótið auk mikillar þátttöku í fjölskyldubúðum mótsins.

Reynt var að vanda til alls undirbúnings og þátttöku skátanna eins og frekast var kostur með upplýsingagjöf og skipulagsvinnu. Fararstjórn var komið á laggirnar strax í janúar 2012 og voru haldnir nokkrir fundir bæði með skátunum og foreldrum þeirra.

Vikulanga útilegu þar sem farið væri með allskonar búnað, tjöld og eldunaráhöld þurfti auðvitað að skipuleggja vel. Loks byrjaði svo mótið og var dagskrá mótsins með hefðbundnu sniði.











Mosverjar voru duglegir að skrá sig og taka þátt í ýmsum viðburðum auk þess sem mikill tími fór í að gera tjaldbúð okkar sem besta og þrifalegasta. Skátarnir fóru í hike-ferðir, sigldu á vatninu, fóru í allskonar handverksmiðjur og lærðu ýmislegt með þátttöku í margskyns verkefnum og af því að hitta aðra skáta.

Það gekk á ýmsu í veðrinu en ausandi rigning var fyrstu tvo dagana sem gerði mótsgestum lífið leitt, en svo stytta upp og þá var hægt að þurrka tjöldin og allan búnaðinn. Á heimsóknardeginum var margt um manninn í Mosverjatjaldbúðinni því þar var boðið upp á heilgrillað lamb á teini með lúxus bernaisesósu. Þetta rann út auk þess sem Mosverjarnir kenndu á stultur og höfðu fleiri leiktæki í boði.





# Landsmótssöngurinn 2012

Lag: Hrólfr Jónsson - Texti: Ævar Aðalsteinsson



Hittumst á móti og heiðrum vort skátastarf  
við erum hundrað í dag!  
Setjumst hér niður því söguna segja þarf  
syngdu og leiktu þitt lag.

Kveikjum eldinn í kvöld  
kátir skátar í öld  
og það kveður í rökkrinu hátt upp til stjarnanna  
hér verður gleðin við völd.

Opnast þá hamarinn allur sem höll  
birtast álfar og tröll.  
Sindrandi vatnið og sól roðar fjöll  
svona er veröldin öll.

Flykkjast hér skátar og flestir í góðum gír  
flýttu þér - við tökum þátt.  
Með orku jarðar sem allstaðar undir býr  
eflum við samtakamátt.

Og um víkingaslóð  
við förum rjóð  
og nú viljum við vera hér saman í hundrað ár  
verjum hinn verðmæta sjóð.

Stöndum nú skátar við stjórnvölin þétt  
stillum kompásinn rétt.  
Leggjum á brattann svo leikandi létt  
:: leiðin á tindinn er sett ::











Svona landsmót er mikið ævintýri fyrir unga skáta og jafnan mikil upplifun og reynsla sem því fylgir.

Margir komu að undirbúningi og geta Mosverjar verið bæði stoltir og ánægðir með þátttöku sína í mótinu þar sem við komum heim með tjaldbúðaverðlaun. Einnig voru Mosverjar þátttakendur í lokavarðeld mótsins með skemmtilegu söngatriði og eins og venjulega tókum við fullan þátt í keppninni um hæsta mannvirki mótsins.

**Fararstjórn Mosverja á landsmótið vann mikið og óeigingjarnt starf við undirbúninginn. Þessu góða fólki eru færðar bestu þakkir fyrir mikið og ábyrgðarfullt starf sem var grundvöllurinn að góðri þátttöku okkar Mosverja.**

## Ágúst

24. – 26. ágúst - Í túninu heima

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar var haldin í áttunda sinn. Mikið var um dýrðir og í tilefni 25 ára afmælis Mosfellsbæjar var dagskráin óvenju vönduð. Mosverjar tóku þátt í henni á svipaðan hátt og á undanförunum árum. M.a. var skátastarfið kynnt fyrir bæjarbúum og á setningarkvöldinu á bæjartorginu þar sem haldnir voru miklir tónleikar voru kakódrykkir seldir úr söluvagni.

## September

15. september - Skátadagurinn haldinn við skátaheimilið

Í tengslum við innritun og til að bjóða nýja skáta velkomna var skipulögð dagskrá og varðeldur við skátaheimilið. Í góðu veðri var hægt að prófa ýmislegt sem skátar taka sér fyrir hendur og var klifurturninn mjög vinsæll hjá krökkunum. Allir fengu kakó og grillaðar pylsur.



## Mosverjasöngurinn

Nú Mosverjarnir eru mættir hér í dag og mesta stuðið er að syngja skátalag.

Útilíf er allra meina bót

því ætlum við á skátamót.

Víð viljum bara fútt og fjör

og förum út með bros á vör.

Það hlustar enginn á neitt suð  
né eitthvað gamalt tuð.

Við varðeldinn er alltaf vakað kvöldin löng

því vinir gleðjast þar við skátasöng.

Sem ómar hátt svo undirtekur þar

og öll við erum Mosverjar – Mosverjar.





# Skátadagurinn 2012











Ljósmynd: Jóhannes Long

Árið 1962 var haldið glæsilegt landsmót skáta á Þingvöllum í tilefni af 50 ára afmæli skátastarfs á Íslandi. Mosverjar miða upphaf sitt við þetta mót. Þetta skinn var sett á trönur við tjaldbúð Mosverja og þar rituðu gestir nöfn sín og eru margir þekktir skátar þar á meðal. Má meðal annars nefna þau Olave Baden-Powell heiðursgestur mótsins, Jónas B. Jónsson skátahöfðingi, Hrefna Tynes varaskátahöfðingi, Páll Gíslason mótsstjóri, Jan Volkmaar skátahöfðingi Hollands, Odd Hopp (sem leiddi fyrstu Gilwellþjálfunina hér á landi), Sigurbjörn Einarsson biskup og Ásgeir Ásgeirsson forseta Íslands. Fararstjóri Mosverja á þessu móti var Árni Petersen.









Reykir

1,6 km

Hafavatn  
Hafavatnsrétt

